

Skýrsla

**Eyglóar Harðardóttur samstarfsráðherra Norðurlanda um störf
Norrænu ráðherranefndarinnar 2015**

(Lögð fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015-2016)

**Utanríkisráðuneytið
Norðurlandaskrifstofa
Febrúar 2016**

EFNISYFIRLIT

Formáli	5
Samstarf forsætisráðherra Norðurlanda	7
Störf samstarfsráðherra Norðurlanda	8
Sjávarútvegur og fiskeldi, landbúnaður, matvælamál og skógrækt	14
<i>Norræna lífhagkerfið</i>	14
Sjávarútvegur og fiskeldi	15
Landbúnaður	15
Matvælamál	16
Skógrækt	17
Atvinnumál, orkumál og byggðamál	17
Atvinnumál	17
Orkumál	19
Byggðamál	21
Umhverfismál	22
Menningarmál	26
<i>Norræni spilunarlistinn</i>	26
Menntun og vísindi	29
<i>Biophilia</i>	29
Jafnréttismál	31
Félags- og heilbrigðismál	35
<i>Norræna velferðarvaktin</i>	35
Vinumál	38
Samstarf á dómsmálasviðinu	41
Fylgiskjal 1: Uppbygging norræns samstarfs	42
Fylgiskjal 2: Styttingar	45

Prentun Oddi umhverfsvottuð prentsmiðja



Skýrslan er framleidd hjá prentsmiðju sem er vottuð norræna umhverfismerkinu Svaninum ásamt því að vera prentuð á umhverfsvottaðan pappír.

Formáli

Í skýrslu samstarfsráðherra kemur fram það helsta sem unnið var að á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar á árinu 2015. Innan vébanda Norrænu ráðherranefndarinnar starfa 10 fagráðherranefndir auk nefndar en með þeim starfa embættismannanefndir sem framkvæma ákvarðanir ráðherranna með aðstoð skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn. Líkt og mörg undanfarin ár komu framlög til skýrslunnar frá fulltrúum Íslands í norrænum embættismannanefndum. Markmiðið er að gefa Alþingi innsýn í það víðfeðma samstarf sem á sér stað milli norrænu ríkisstjórnanna og að veita upplýsingar um það verkefnasamstarf sem fram fer á vegum norrænna fagráðherranefnda, ekki hvað síst það sem hefur sérstaka þýðingu og ávinning fyrir Ísland.

Danir gegndu formennsku í Norrænu ráðherranefndinni og var samstarfið að mörgu leyti í föstum skorðum á árinu, enda vinna flestar ráðherranefndir samkvæmt nokkurra ára áætlunum sem viðkomandi ráðherrar hafa komið sér saman um. Sveigjanleiki í samstarfinu er þó mikill því nauðsynlegt er að geta brugðist við breytingum í hinu pólitíska landslagi hverju sinni. Sviptingar í alþjóðastjórnámálum höfðu áhrif á stefnuna í samstarfinu, aðgerðir rússneskra stjórnvalda urðu til þess að samstarfsráðherrarnir ákváðu að loka skrifstofum ráðherranefndarinnar í Pétursborg og Kaliningrad. Þrátt fyrir það stendur sú ákvörðun óhöggud að áfram skuli lögð áhersla á verkefnasamstarf við rússneska aðila og var unnið að því að finna nýjar leiðir í þeim efnunum á árinu. Stríður flóttamannastraumur til Norðurlanda hafði að vonum mikil áhrif á umræðuna í norrænu samstarfi, bæði að því er varðar landamæraeftirlit á norrænum landamærum sem og varðandi móttöku og aðlögun flóttamanna að norrænum samfélögum.

Vinna samkvæmt skýrslunni „Nyt Norden“, við að innleiða nýtt verklag og starfshætti hjá Norrænu ráðherranefndinni, gekk vel, sem og framkvæmd áætlunar um að kynna og skapa Norðurlöndum stöðu á alþjóðavettvangi. Ný áætlun um norrænt samstarf á norðurskautssvæðinu tók gildi í upphafi árs og góð framvinda var í formennskuverkefnum Íslands sem hófust 2014, en þeim lýkur í árslok 2016. Norðurlönd nýttu sér þann vettvang sem norræna samstarfið er á loftslagsráðstefnunni í París og á fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í New York þar sem skipulagðir voru norrænir viðburðir í umsjón ráðherranefndarinnar.

Samstarfið við Íslandsdeild Norðurlandaráðs var með ágætum á árinu og samráð mikið vegna þings Norðurlandaráðs sem haldið var í Reykjavík að þessu sinni.

Þeirri skoðun að nýta beri norræna samstarfið enn betur til þess að eiga samráð um ýmis pólitísk mál hefur vaxið fylgi á undanförunum misserum. Í þeim

eignum er t.d. litið til málefna er varða ESB og til öryggis- og utanríkismála. Almennt má segja að áhugi sé nú fyrir því að tengja betur það norræna samstarf sem fram fer á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar annars vegar, og það samstarf norrænna ráðherra sem stendur utan þess hins vegar. Að beiðni samstarfsráðherranna vinnur Norræna ráðherranefndin nú að tillögum um hvernig unnt sé að taka upp ný samstarfsform í norrænu samstarfi þannig að það geti betur mætt þörfum norrænu ríkisstjórnanna, atvinnulífsins og norrænna borgara. Munu tillögurnar verða kynntar í lok árs 2016.

Samstarf forsætisráðherra Norðurlanda

Samstarf forsætisráðherra Norðurlanda var með hefðbundnu sniði á árinu 2015. Sumarfundur forsætisráðherranna færðist til haustsins og var haldinn í Helsingør og Marienborg 2. og 3. október í boði forsætisráðherra Danmerkur. Á fundinum voru til umfjöllunar norræn málefni og norrænt samstarf, þ.m.t. formennska Dana í Norrænu ráðherranefndinni (NMR)¹, en einnig efnahagsmál og stjórnmálaþróun í Evrópu. Eitt helsta umræðuefni fundarins var málefni flóttafólks, fólks á vergangi og umsækjenda um alþjóðlega vernd. Einnig var fjallað um öryggis- og varnarmál og loftslagsmál o.fl. Þá áttu forsætisráðherrar Norðurlanda fund með leiðtogum Færeyja, Grænlands og Álandseyja svo og forseta Norðurlandaráðs (NR). Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra leiddi umræðu í málefnum norðurslóða en að öðru leyti voru til umfjöllunar málefni sem tengjast NMR og NR.

Forsætisráðherra bauð til árlegs fundar forsætisráðherra Norðurlanda, Eystrasaltsríkjanna og Bretlands undir yfyrskriftinni „Northern Future Forum, NFF“ og fór fundur forsætisráðherranna níu fram í Reykjavík 28. og 29. október. Var sjónum beint að þessu sinni að vexti og viðgangi skapandi atvinnugreina og nýsköpun í opinberum rekstri í þeim tilgangi að auka gæði opinberrar þjónustu. Það kemur í hlut Noregs að skipuleggja fund NFF árið 2016.

NR kom saman í 67. sinn í Reykjavík 27.–29. október. Forsætisráðherrar Norðurlanda héldu sinn hefðbundna fund samhliða þinginu. Til umræðu voru m.a. loftslagsmál og þá sérstaklega loftslagsráðstefna SP (COP21). Þá var rætt um fólksflutninga og flóttamannavandann ásamt stöðu mála í Sýrlandi og Írak en einnig um baráttuna gegn ISIS og hryðjuverkum. Forsætisráðherrar Norðurlanda funduðu einnig með leiðtogum Grænlands, Færeyja og Álandseyja og leiddi forsætisráðherra umræðu um áhrif loftslagsbreytinga á norðurslóðum. Fjallað var um formennskuáætlun Finnlands á vettvangi NMR árið 2016, stjórnsýsluhindranir² og norrænar lausnir í hnattrænum áskorunum. Þá funduðu forsætisráðherrarnir með forsætisnefnd NR og fjölluðu m.a. um flóttamannavandann og um samstarf Norðurlanda á sviði þróunarsamvinnu. Einnig funduðu forsætisráðherrar Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna þar sem tekin voru fyrir brýn alþjóðamál, m.a. staða mála í Írak, Sýrlandi og Úkraínu en einnig málefni innan Evrópu eins og þróun efnahagsmála og þær endurbætur sem fyrirhugaðar eru á Efnahags- og myntbandalaginu, svo og netöryggismál.

Á þingi NR tóku forsætisráðherrar Norðurlanda þátt í þemaumræðu um þróun norræns samstarfs. Í máli sínu lagði forsætisráðherra Íslands áherslu á mikilvægi samstarfsins og ræddi hvernig betur mætti nýta þau sóknarfæri sem í því felast.

¹ Sjá skýringar á styttingum í skýrslunni á bls. 45

² Sjá nánar um yfirlýsingu forsætisráðherranna um stjórnsýsluhindranir á bls. 13

Störf samstarfsráðherra Norðurlanda

Starfið í hópi samstarfsráðherranna var að mörgu leyti hefðbundið á árinu en fór þó ekki varhluta af þeim pólitísku sviptingum sem voru í alþjóðastjórn-málum. Áfram var unnið að því að innleiða nýtt verklag og starfshætti í norrænu samstarfi og gekk það yfirleitt vel. Í lok ársins höfðu allar stofnanir NMR tekið upp nýtt stjórnunarfyrikomulag sem var það atriði sem menn hafði helst greint á um. Landamærahindranir og alþjóðlegt samstarf voru sem fyrr í forgrunni í störfum NMR á árinu auk þess sem unnið var að eftirfylgni við þær ráðleggingar sem er að finna í viðamikilli úttekt sem gerð var á norrænu samstarfi um heilbrigðismál árið 2014. Einnig var hafist handa við að gera samskonar úttekt á norræna vinnumarkaðssamstarfinu og samstarfinu um orkumál.

Heildarrammi norrænu fjárlaganna 2015 – sem voru skorin niður um 2% miðað við árið 2014 – var 936,1 milljónir danskra króna á verðlagi ársins 2014, þar af komu um 252,2 milljónir í hlut samstarfsráðherranna. Útgjaldaliðir samstarfsráðherranna skiptast í forgangsverkefni, 74,3 milljónir (hlutur formennsku-sjóðs er 45 milljónir), alþjóðlegt samstarf, 74,3 milljónir og rekstur ráðherra-nefndarskrifstofunnar í Kaupmannahöfn auk annarra sameiginlegra verkefna, 106,5 milljónir. Hlutdeild Íslands í heildarupphæðinni var 0,7%.

Formennska Danmerkur í NMR

Danir gegndu formennsku í norræna ríkisstjórnasamstarfinu á árinu og var yfirskrift formennskuáætlunar þeirra *Vöxtur, velferð og gildi*. Fjögur áherslumál voru sett í forgrunn á formennskuárinu: að hafa vöxt og atvinnu í fyrirrúmi, að standa vörð um norræna velferð, að auka vitundina um norræn gildi með því að styrkja norræna „vörumerkið“ og að leggja áherslu á samstarfið um norðurskautið. Formennskuverkefni voru 10 talsins og taka þau með ýmsum hætti mið af áherslum ársins.

Að fullu komst til framkvæmda sú tilhögun sem tekin var upp árið 2013, sem felst í því að formennskulandið fær frumkvæðisrétt um nokkur pólitískt mikilvæg verkefni sem geta náð yfir allt að þrjú ár. Til slíkra verkefna eru eyrnamerkta 45 milljónir danskra króna ár hvert. Verkefnum Svía sem hófust á formennskuári þeirra 2013 lauk á árinu, verkefni Íslands voru öll á áætlun – nokkur þeirra fóru formlega af stað á fyrri helmingi ársins eftir nokkurt undirbúningsferli – og Danir hófu mótun og undirbúning sinna verkefna, en þeim lýkur 2017. Alls voru því 45 milljónir danskra króna bundnar í þriggja ára formennskuverkefnum Svía, Íslendinga og Dana. Á formennskuári Finnlands 2016 er sama upphæð bundin í formennskuverkefnum þeirra, að viðbættum verkefnum Íslands og Danmerkur.

Athygli vekur að í auknum mæli er nú leitast við að byggja ofan á áherslur fyrri formennsku og að tengja við næstkomandi formennsku ef því verður við komið, til þess að ná fram samlegðaráhrifum og betri nýtingu á norrænu fé. Gott dæmi um þetta er að formennskuverkefni Dana, sem lýtur að því að þróa betri og umhverfisvænni nýtingu á lífauðlindum í Norður-Atlantshafi og á norðurskauts-svæðinu, byggist að verulegu leyti á formennskuverkefni Íslands um norræna lífhagkerfið (NordBio) og hefur einnig skýrar tilvísanir í áherslur Finnlands á formennskuári þeirra 2016. Þá má einnig nefna að formennskuverkefni Finnlands um *Velmegun íbúa á nýskapandi og opnum Norðurlöndum árið 2020 – jöfn tækifæri til velferðar, menningar, menntunar og atvinnu* hefur beina skírskotun til íslenska verkefnisins um Norrænu velferðarvaktina.

Starfsemi NMR í Norðvestur-Rússlandi – skrifstofan í Pétursborg

Starfsemin í Rússlandi hélt áfram að vera í kastljósinu á árinu. Eftir að skrifstofan í Pétursborg hafði verið skráð sem „foreign agent“, eða erlendur erindreki, af rússneskum yfirvöldum var það mat samstarfsráðherranna að í raun væri þá starfsemi hennar í borginni sjálfhætt. Á fundi í mars ákváðu ráðherrarnir að draga mjög úr allri starfsemi í Rússlandi um óákveðinn tíma. Flestöllu starfsfólki í Pétursborg og útibúinu Kaliningrad var sagt upp störfum og einungis stuðst við lágmarksmönnun til þess að sinna nauðsynlegum frágangi.

Í ljósi þess að hvorki NMR né rússnesk stjórnvöld hafa sagt upp sameiginlegu minnisblaði frá 1997 um starfsemi NMR í Rússlandi var skipaður starfshópur tímabundið til þess að gera tillögur um hvernig væri unnt að halda úti samstarfsverkefnum við rússneska aðila eftir að aðstoðar og sérfræðikunnáttu skrifstofunnar nyti ekki lengur við. Starfshópurinn hélt fjóra fundi og skilaði tillögum sínum til samstarfsráðherranna í byrjun 2016.

Þrátt fyrir vinsemd á yfirborðinu og tíð bréfaskipti milli NMR og einstakra samstarfsráðherra við háttsetta embættismenn í rússneska utanríkisráðuneytinu, einkenndust samskiptin við rússnesk stjórnvöld af ákveðinni stífni fram eftir ári. Í rússneska dómsmálaráðuneytinu komust menn að þeirri niðurstöðu um miðjan júní að útibúið í Kaliningrad hefði gerst brotlegt við lög með því að láta undir höfuð leggjast að skrá skrifstofuna þar sem „foreign agent“. Því bæri henni reglum samkvæmt að greiða stjórnvöldum sekt sem nam 150.000 rúblum eða 15.450 dönskum krónum. Yfirmaður beggja skrifstofanna, með aðsetur í Pétursborg, hafði áður fengið samskonar sektarboð, en mál hans var látið niður falla þar sem hann var með diplómátiska stöðu í heimalandi sínu, Finnlandi, og naut því friðhelgi. Samstarfsráðherrarnir voru á einu máli um að ekki kæmi til greina að greiða sektina og var utanríkisráðherra Rússlands tilkynnt um það bréfleiðis í byrjun október. Ekki hafa enn komið fram eftirmálar vegna þessarar ákvörðunar.

Enda þótt talsverðir erfiðleikar hafi verið í samskiptum NMR við Rússland á árinu er það allt að einu sameiginleg stefna Norðurlanda að halda sem flestum leiðum opnum í þeim efnunum og loka ekki á samstarfsverkefni milli norrænna og rússneskra aðila til þess að varna því að meira en 20 ára uppbyggingarstarf fari í súginn. Því er stefnt að því að leita allra leiða til áframhaldandi norræns verkefnasamstarfs við Rússland 2016 þó svo mikið skarð sé fyrir skildi með lokun skrifstofunnar í Pétursborg.

Aukinn stuðningur við starfsemina í Eyrstrasaltsríkjunum – verkefni á sviði upplýsingamiðlunar í Narva

Samhliða því að framlög NMR til starfseminnar í Rússlandi drógust mikið saman og í ljósi pólitískrar þróunar á Eyrstrasaltssvæðinu var tekin ákvörðun um að auka framlögin til skrifstofanna í Tallinn, Ríga og Vilnius. Hlutverk þeirra er að efla norrænt-baltneskt samstarf og að kynna Norðurlönd í Eistlandi, Lettlandi og Litáen í samstarfi við norrænu sendiráðin í höfuðborgunum. Skrifstofurnar hafa og umsjón með framkvæmd þeirra verkefna sem NMR tekur þátt í samkvæmt Norðlægu víddinni og Eyrstrasaltsáætlun ESB. Með auknum framlögum til þeirra er hugsunin að þær hafi hlutverki að gegna að því er varðar skuldbindingar NMR samkvæmt áður nefndu minnisblaði frá 1997 um starfsemi NMR í Rússlandi.

Skrifstofan í Tallinn óskaði eftir sérstöku framlagi til þess að fara af stað með verkefni í bænum Narva um upplýsingamiðlun þar sem rússneskumælandi minnihlutinn í Eistlandi er sérstakur markhópur. Í Eistlandi eru 25% þjóðarinnar rússneskumælandi, mikill meirihluti býr í norðausturhluta landsins og í Narva, við rússnesku landamærin, er rússneska móðurmál 95% íbúanna. Markmið verkefnisins er að stuðla að betri aðlögun þessa minnihlutahóps að eistnesku samfélagi en í ljósi breyttra aðstæðna í utanríkis- og öryggismálum er þörfin fyrir slíkt frumkvæði á þessu svæði orðin brýnni en áður. Ákveðið var að styðja við verkefnið, m.a. með þeim rökum að þannig gæti NMR stutt við það sem eistnesk stjórnvöld eru nú þegar að gera á þessu sviði. Áformað er að opna lítið stúdíó fyrir útvarps- og sjónvarpsútsendingar í Narva, sem myndi flytja fréttir og miðla upplýsingum á rússnesku til íbúanna í norðausturhluta landsins. Verkefnið er í góðu samræmi við áherslur NMR og NR um að styrkja og styðja við bakið á rússneskumælandi fjölmiðlun á Eyrstrasaltssvæðinu.

Evrópski hugvísindaháskólinn í Vilnius (EHU)

Málefni Evrópska hugvísindaháskólans (EHU) í Vilnius komust aftur í sviðsljósið hjá samstarfsráðherrunum eftir nokkurra ára hlé. Ráðning nýs rektors til háskólans þótti ekki taka mið af þeim reglum sem kveðið er á um í starfsreglum skólans, auk þess sem gerðar voru athugasemdir við daglegan rekstur og

fjármálastjórn. Úr þessum vanköntum tókst að greiða í góðri sátt milli stjórnar- nefndar skólans og yfirstjórnar hans.

Fjárhagsmálefni skólans voru einnig til umræðu en það tengist m.a. þeirri staðreynd að skólinn er alfarið rekinn með gjafafé.

Stuðningur NMR við EHU hófst 2005 og var frá upphafi liður í stefnu NMR, sem miðar að því að stuðla að þróun lýðræðis og eflingu borgaralegs samfélags á grannsvæðum Norðurlanda. Háskólinn var stofnaður í Hvíta-Rússlandi árið 1992 og starfaði í Minsk allt fram til ársins 2004 að hann var sviptur starfsleyfi og gerður brottrækur úr landinu. Yfirvöld í Litáen skutu fljótlega yfir hann skjóls- húsi þannig að kennsla gat haldið áfram í Vilnius. ESB er helsti styrktaraðili EHU, en auk þess að þiggja framlag frá NMR nýtur hann stuðnings 18 styrktar- aðila í Evrópu og Bandaríkjunum. Árið 2008 var stofnaður styrktarsjóður til þess að taka við framlögunum, EHU Trust Fund, sem hefur til þessa verið í umsjá NMR samkvæmt sérstöku samkomulagi NMR og ESB.

Á árinu lét ESB gera úttekt á hæfni NMR til þess að fara með fjármuni ESB fyrir þess hönd. Niðurstaðan var að NMR uppfyllti ekki þau skilyrði sem sambandið gerir í dag til alþjóðlegra stofnana hvað þetta varðar. Bein afleiðing þessarar niðurstöðu er að styrktaraðilar kjósa nú að láta framlög sín renna beint til ESB og ekki í styrktarsjóð EHU. Tillaga framkvæmdastjóra NMR um að leggja niður styrktarsjóðinn verður til ákvörðunar í hópi samstarfsráðherranna í byrjun febrúar 2016. Tekið skal fram að hugsanleg ákvörðun um að leggja niður sjóðinn mun ekki hafa áhrif á framlög NMR til EHU og annarra verkefna sem tengjast Hvíta-Rússlandi. Á árinu 2016 er þetta framlag óbreytt frá fyrra ári, 4,5 milljónir danskra króna.

Áætlun um að kynna og skapa Norðurlöndum stöðu á alþjóðavettvangi

Ný áætlun NMR um að kynna og skapa Norðurlöndum stöðu á alþjóðavett- vangi tók gildi í upphafi ársins. Ráðinn var verkefnisstjóri í apríl og skipaður norrænn ráðgjafahópur sérfræðinga í kynningarmálum til þess að starfa með honum. Sérfræðingur Íslandsstofu í ímyndar- og markaðsmálum á sæti í hóp- num. Hópurinn vann að mótun og nánari útfærslu áætlunarinnar og var fram- kvæmdaáætlun með skilgreindum verkefnum fyrir árið 2016 kynnt á fundi samstarfsráðherranna í Reykjavík í lok október þar sem hún var samþykkt. Í anda áætlunarinnar kynntu Norðurlönd sig sameiginlega á loftslagsráðstefnu SP í París í desember. Norræni skálinn vakti athygli en hann var í umsjón NMR. Á árinu 2016 er m.a. áformað að taka með sama hætti þátt í öðrum alþjóðlegum viðburð- um.

Verkefni um lýðræði, aðlögun og öryggi (DIS)

Á undanförunum árum hafa verið framin voðaverk á Norðurlöndum þar sem öfgahyggja af ýmsu tagi hefur ráðið för, nýlegasta dæmið var hryðjuverkaárásin í Kaupmannahöfn í febrúar 2015. Á fundi samstarfsráðherranna sem haldinn var skömmu síðar lagði samstarfsráðherra Íslands fram tillögu um að ráðist yrði í norrænt verkefni, með það að markmiði að efla lýðræði og öryggi á Norðurlöndum og að vinna gegn hverskonar öfgahyggju og ógnum sem steðja að opnum norrænum lýðræðissamfélögum. Tillögunni var vel tekið og fólu ráðherrarnir NMR að útfæra hana. Unnið var að útfærslu fram eftir ári og niðurstaðan, sem ráðherrarnir samþykktu um mitt ár, er verkefni sem nær til áraanna 2016–2018 með yfirskriftinni „DIS – Demokrati, Inkludering och Säkerhet“. Verkefninu verður formlega hleypt af stokkunum á ráðstefnu í mars 2016, en fyrsta árið verður 4 milljónum danskra króna varið til þess. Ætlunin er að taka saman þá reynslu sem safnast hefur á Norðurlöndum þannig að löndin geti betur stillt saman strengi sína og unnið náíð saman þegar nauðsyn krefur.

Norræna landamærahindranaráðið

Ráðherranefndin leggur mikla áherslu á að afnema stjórnsýslulegar landamærahindranir á Norðurlöndum. Daglega sækja tugþúsundir manna vinnu yfir landamæri á Norðurlöndum. Fjölmargir einstaklingar flytja milli norrænu landanna á ári til langrar dvalar eða fyrir fullt og allt og margir stunda nám um lengri eða skemmri tíma í öðru norrænu landi. Norræn fyrirtæki hafa einnig í vaxandi mæli unnið þvert á landamærin. Þessi miklu samskipti og flutningar geta leitt í ljós landamærahindranir, þ.e. hindranir þar sem löggjöf eða framkvæmd reglna milli landa stangast á með tilheyrandi vanda fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Norræna landamærahindranaráðið (Grænsehindringsrádet) hefur starfað á vegum samstarfsráðherranna í núverandi mynd í tvö ár. Meginverkefni þess er að meta, gera úttektir og koma með tillögur að lausnum á stjórnsýsluhindrunum, koma í veg fyrir að löggjafarstarfið í löndunum geti af sér nýjar hindranir, auk þess að meta upplýsingaflæði og kæruleiðir norrænna borgara. Fulltrúar landamærahindranaráðsins vinna sameiginlega að tilteknum hindrunum, oft tveir saman. Þeir vinna að lausn þar til niðurstaða fæst um hvort unnt sé að leysa viðkomandi hindrun eða ekki. Markmiðið er að afgreiða 5–10 stjórnsýsluhindranir árlega, en 12 stjórnsýsluhindranir voru afgreiddar af forgangslista ráðsins árið 2015.³ Ekki er unnt að leysa allar hindranir þar sem löggjöf landanna er að ýmsu leyti ólík og stundum skortir vilja til að breyta löggjöf eða framkvæmd reglna heima fyrir. Fyrir liggur gagnagrunnur með lista yfir þær hindranir sem þegar eru leystar, hindranir sem unnið er að því að afnema eða sem bíða úrlausnar.⁴ Fulltrúar landanna í ráðinu hafa haldið fundi í sínum heimalöndum þar sem upplýst er um

³ Sjá skýrsluna: Gränshinderráðets ársrapport 2015: með kommentarer frá de nordiska regeringarna

⁴ Sjá: Gagnagrunnur um stjórnsýsluhindranir á www.norden.org

gang vinnunnar, leitað gagna og rætt um færar leiðir við úrlausn hindrana. Hér á Íslandi hafa slíkir fundir verið haldnir með aðilum sem vinna að norrænum málum, s.s. upplýsingaþjónustunni Halló Norðurlönd, Norræna félaginu, embættismönnum, stjórnmalámmönnum og grasrótarsamtökum.

Á árinu lagði ráðið áherslu á samstarf við aðila vinnuarkaðarins. Gefin var út skýrsla þar sem tilgreindar voru 15 stjórnsýsluhindranir sem aðilar vinnuarkaðarins telja mikilvægt að leysa til að auka hagvöxt á Norðurlöndum. Í framhaldinu gáfu norrænu forsætisráðherrarnir út yfirlýsingu vegna stjórnsýsluhindrana sem var kynnt á þingi NR í Reykjavík í lok október. Í henni segir: „Við viljum afnema stjórnsýsluhindranir sem hamla hagvexti á Norðurlöndum. Því miður eru dæmi þess að mismunandi reglur eða mismunandi kröfur, sem gerðar eru til framleiðslu, komi í veg fyrir að norræn fyrirtæki stundi starfsemi sína í öðrum norrænum löndum og nýti þannig hinn stóra norræna markað með 26 milljónum neytenda. Þetta á ekki að líðast. Það hamlar hagvexti og atvinnusköpun á Norðurlöndum og gerir það vandasamara að laða fjárfestingar til landanna.“ Forsætisráðherrarnir fólu í framhaldinu framkvæmdastjóra NMR að tryggja að markvissar umræður ættu sér stað milli landamærahindranaráðsins, norrænna ráðherra, fulltrúa samtaka í atvinnulífi og aðila vinnuarkaðarins til að leita sameiginlegra lausna á vandanum. Í tengslum við Norðurlandaráðsþingið funduðu fulltrúar úr landamærahindranaráðinu með forsetum þjóðþinga norrænu landanna til að undirstrika mikilvægi þess að koma í veg fyrir nýjar stjórnsýsluhindranir við samþykkt nýrrar löggjafar. Lausn landamærahindrana er háð áhuga, vilja og getu þingmanna, ráðherra og embættismanna til að breyta löggjöf eða breyta framkvæmd reglna, eftir því sem við á í hverri hindrun fyrir sig.

Sjávarútvegur og fiskeldi, landbúnaður, matvælamál og skógrækt

Formennskuverkefnið Norræna lífhagkerfið (NordBio) fellur undir fjórar ráðherranefndir innan NMR, þ.e. ráðherranefndina um fiskveiðar, landbúnað, matvæli og skógrækt, ráðherranefndina um atvinnu-, orku- og byggðamál, ráðherranefndina um umhverfismál og ráðherranefndina um menntun og rannsóknir.

Íslenskt formennskuverkefni 2014–2016

Norræna lífhagkerfið

Innan Norræna lífhagkerfisins (NordBio)⁵ er unnið að nokkrum undirverkefnum, s.s. Biophilia⁶, Nýsköpun í lífhagkerfinu, Marina⁷, WoodBio og ERMOND. Auk ofangreindra verkefna hefur fleiri verkefnum á sviði lífhagkerfisins verið ýtt úr vör innan ramma formennskuáætlunar Íslands. Má þar nefna verkefni sem snúast um sjálfbærni viðmið sem gilda við nýtingu náttúruauðlinda á Norðurlöndum, svæðisbundna möguleika norræna lífhagkerfisins, sjálfbæra framleiðslu á próteinum á Norðurlöndum og nýtingu lífræns úrgangs við nýsköpun. Öll þessi verkefni eru í góðum framgangi og verkefnalok áætluð á árinu 2016.

Á árinu 2015 var á vegum NordBio og skrifstofu NMR komið á laggirnar norrænum lífhagkerfis-samráðsvettvangi⁸, sem í eiga sæti sérfræðingar, sem eru fulltrúar vísindastofnana, atvinnulífs og félagasamtaka, tilnefndir af löndunum átta. Þessum vettvangi er m.a. ætlað að safna saman upplýsingum um það helsta er lýtur að norræna lífhagkerfinu og koma árangri af NordBio-samstarfinu áfram inn í stefnumótun í hverju landi fyrir sig og á alþjóðavettvangi. Samráðsvettvangurinn mun starfa áfram eftir að formennskuáætlun Íslands lýkur.

NordBio hefur þegar skilað mikilvægum árangri hér á landi, t.d. við nýsköpun í matvælaframleiðslu, og mynduð hafa verið samstarfs- og tengslanet milli sérfræðinga og stofnana á Norðurlöndum sem eiga eftir að gagnast í framtíðinni. Önnur norræn lönd hafa einnig í auknum mæli hafið vinnu á þessu sviði og hér á landi er unnið að setningu lífhagkerfisstefnu fyrir Ísland.

Efnt verður til lokaráðstefnu um NordBio, þar sem niðurstöður og árangur verkefna verða kynnt. Ráðstefnan verður haldin í Reykjavík í október 2016 undir yfirskriftinni „Minding the Future. Bioeconomy in a changing Nordic reality“. Á árinu 2015 var unnið að skipulagningu ráðstefnunnar og tilkynningar þar að lútandi sendar út til landanna. Fulltrúar í verkefnum NordBio-áætlunarinnar munu halda sína lokafundi í tengslum við ráðstefnuna og kynna niðurstöður, en auk þess munu erlendir fyrirlesarar halda erindi um hin víðtæku málefni lífhagkerfisins.

⁵ Sjá nánari lýsingu í skýrslu samstarfsráðherra 2014

⁶ Sjá umfjöllun um Biophilia á bls. 29

⁷ Sjá umfjöllun um Nordic Marina á bls. 20

⁸ Nordic Bioeconomy Panel

Sjávarútvegur og fiskeldi

Fyrir hönd norrænu sjávarútvegráðherranna stóð embættismannanefndin um sjávarútveg og fiskeldi fyrir nokkrum viðburðum á árinu og studdi við og hleypti af stokkunum ýmsum samstarfsverkefnum. Í starfi sínu naut nefndin liðveislu vinnuhóps sérfræðinga um fiskveiðar (AG-Fisk). Færeyingar fóru með formennsku í nefndinni fyrir hönd danska ríkjasambandsins. Ráðstefna var haldin í Þórshöfn í júní undir fyrirsögninni „Vöxtur í bláa lífhagkerfinu“. Til umfjöllunar var hvernig sjávarútvegur og málefni hafsækinnar starfsemi falli að aukinni áherslu í stefnumótun á vöxt lífhagkerfisins. Einnig var rætt hvernig styðja mætti við vöxt og hvaða hindranir kunni að vera á vegi hans. Við lok ráðstefnunnar tóku norrænu sjávarútvegráðherrarnir þátt í pallborðsumræðu um hvernig efla megi bláan vöxt í lífhagkerfinu og leiðir að því markmiði. Norræna hugveitan um sjávarútveg og fiskeldi⁹ tók saman stefnuskjal, þar sem umræður og tillögur ráðstefnunnar eru dregnar saman. Unnið er að því að fylgja þeim eftir. Meðal annarra viðburða má nefna málþing um sjávarútveg á Norðurlöndum, sem haldið var í Brussel í samstarfi við sjávarútvegsnefnd Evrópuþingsins. Nefndin kom einnig að og studdi við atvinnulífstengt nýsköpunarverkefni á vegum Nordic Innovation og rannsóknarsjóða í löndunum, Marine Innovation 2, sem hófst á fyrri hluta ársins.

Landbúnaður

Undir norrænu landbúnaðarráðherrana heyrir Norræna erfðaaudlindastofnunin (NordGen), sem er öflug stofnun um varðveislu erfðalinda. Bæði formaður stjórnar NordGen og framkvæmdastjóri eru Íslendingar. Stofnunin sér um rekstur fræbanka NordGen en einnig hefur verið unnið að samstarfi við einkaaðila á sviði sem kallast for-kynbætur. Vaxandi eftirspurn er eftir erfðaeftirbúnaði úr fræbönkunum.¹⁰

Norræna nefndin um landbúnaðar- og matvælarannsóknir (NKJ) hefur aðsetur í Ósló, í sömu húsakynnum og Norræna rannsóknarráðið (NordForsk). Mikill áhugi er á starfi nefndarinnar og hefur hún meðal annars stutt við verkefni á sviði lífhagkerfisins sem voru undanfarar NordBio-verkefnisins. NKJ hélt upp á 50 ára starfsafmæli með sérstökum fundi.

Norræna embættismannanefndin um landbúnaðarmál og embættismannanefndin um skógrækt héldu tvo sameiginlega fundi á árinu. Sem fyrr var lögð megináhersla á verkefnið um for-kynbætur og samkomulag varð um áframhaldandi fjármögnun og stuðning við verkefni innan NordBio-áætlunarinnar.

⁹ Nordisk Marin Tænketaank – Nordic Marine Think-Tank

¹⁰ Sjá nánar um NordGen í skýrslu samstarfsráðherra 2014

Ísland hefur lagt áherslu á að unnin verði úttekt á náttúrulegum hindrunum fyrir þróun lífræns landbúnaðar á norðurslóðum. Verkefni þar að lútandi er í burðarliðnum og vonast er til að hægt verði að kynna niðurstöður á árinu 2016.

Matvælamál

Norræn ráðstefna er haldin árlega um matvælaeftirlit. Fór hún að þessu sinni fram á Íslandi í lok janúar undir yfirskriftinni „Framtidens tillsyn – effekt och metoder“. Inngangserindin voru annars vegar um hraðviðvörunarkerfi ESB fyrir fóður og matvæli og notkun kerfisins í áhættugreiningu í opinberu eftirliti á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) og hins vegar um söfnun og nýtingu gagna til að ná stjórn á hættu, sem ógnar öryggi matvæla eða fóðurs og þar með heilbrigði manna og dýra. Norrænar eftirlitsráðstefnur sækja starfsmenn Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

Ráðstefnan var undirbúin á formennskuári Íslands á vegum einnar af þremur undirnefndum embættismannanefndarinnar um matvælamál, sem skipuleggja verkefni á sviði matvælalöggjafar, matvælaeftirlits, matvælaöryggis, manneldis, dýraheilbrigðis og dýravelferðar. Starf undirnefndanna og vinnuhópa á þeirra vegum er umfangsmikið og einnig er veittur stuðningur til norrænnar nefndar um matvælarannsóknir (NMKL). Haldin var æfing í upplýsingamiðlun sem lið í áfallastjórnun þegar upp kemur bein eða óbein hætta sem varðar heilbrigði manna vegna fóðurs eða matvæla.

Norrænu ráðherrarnir um matvælamál samþykktu yfirlýsingu um lyfjaóþol, sem er vaxandi vandamál um allan heim. Yfirlýsingin ber yfirskriftina „Declaration on Antimicrobial resistance through a One Health perspective“. Í þessu sambandi vísar hugtakið „one health“ til þess að heilbrigðisvandamál vegna lyfjaóþols verða ekki leyst eða unnið gegn þeim á árangursríkan hátt, nema með þverfaglegu samstarfi sem nær til leiðbeininga og eftirlits með notkun dýrallyfja og lyfja fyrir fólk. Á formennskuári Íslands 2014 var lögð áhersla á að horfa heildstætt á málin og ná saman þeim sem vinna með lyfjaóþol í dýrum og mönnum. Í lok formennskuársins var haldið málþing með þátttöku þeirra sem vinna með dýraheilbrigði og matvælaöryggi en með því hófst norrænt samstarf á þessu sviði. Markmiðið er að auka slíkt norrænt samstarf en styðja um leið starf alþjóðastofnana. Staða mála vegna lyfjaóþols á Íslandi er með því besta sem gerist en mikilvægt er að við höldum vöku okkar og tökum virkan þátt í norrænu og alþjóðlegu samstarfi á þessu sviði.

Skógrækt

Umfangsmesta starf á vegum norrænu ráðherranna um skógrækt og embættis-
mannanefndar þeirra er unnið í gegnum samstarfsnetið Norrænar skógræktar-
rannsóknir (SNS). Samstarfið innan SNS hefur þróast og eflst á undanförunum
árum og nú eru starfrækt mörg samstarfsverkefni og vinnuhópar sem íslenskir
sérfræðingar taka þátt í. Átak var gert í að efla samstarf SNS við NKJ, meðal
annars með samstarfsverkefnum um norræna lífhagkerfið. Skógrækt ríkisins átti
fulltrúa í stjórn SNS á árinu.

Skógræktarmál eru einnig til umfjöllunar hjá NordGen¹¹. Skógræktardeild
NordGen hélt m.a. ráðstefnuna „Wise Use of Improved Forest Reproductive
Material“ í september í Ríga í Lettlandi.

Lögð var áhersla á stefnumótunarverkefnið Nordic Forest Solutions. Verkefn-
inu er stýrt af Rannsóknastöð skógræktar á Mógilsá og taka öll löndin þátt í því.
Markmiðið er að marka stefnu fyrir norræna skógræktarsamstarfið, m.a. að skil-
greina og draga fram hvar skógrækt og beiting hennar geti lagt lóð á vogarskálar
til að leysa umhverfis- og samfélagsleg mál. Er þar litið til atriða eins og loftslags-
breytinga, eflingar lífhagkerfis, byggðapróunar og lýðheilsu. Norrænn vinnu-
hópur starfar að verkefninu með þátttöku Íslands.

Jafnframt hafa verkefni tengd formennskuverkefni Íslands um norræna lífhag-
kerfið verið til umfjöllunar. Þar má nefna verkefnið WoodBio sem Skógrækt
ríkisins stjórnar en innan þess er unnið að því að þróa og efla þátt skóga í lífhag-
kerfi norrænu landanna.

Atvinnumál, orkumál og byggðamál

Sjá einnig um formennskuverkefnið Norræna lífhagkerfið (NordBio) á bls. 14.

Atvinnumál

Starfað var samkvæmt *samstarfsáætlun um nýsköpun og atvinnumál 2014–
2017*. Áætlunin byggist á svokölluðum kyndilverkefnum þar sem löndin gegna
forystuhlutverki hvert í sínu verkefni. Kyndilverkefnin eru um frumkvöðlastarf-
semi og nýsköpun, stafræna hagkerfið, skapandi greinar, nýsköpun á sviði vel-
ferðarlausna og aðgerðir til eflingar græns hagvaxtar, m.a. á sviði mannvirkja-
gerðar.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti leiðir kyndilverkefni um frumkvöðla
og fjármögnun í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands sem gegnir þar að
auki verkstjórnarhlutverki. Mikil gróska hefur verið í frumkvöðla- og nýsköp-
unarstarfi á Norðurlöndum og hefur kyndilverkefnið gegnt veigamiklu hlutverki.

¹¹ Sjá einnig um NordGen á bls. 15

Hafin er vinna við samanburð á opinberum stuðningi við nýsköpun í löndunum, unnið hefur verið að átaki í sameiginlegri markaðssókn norrænna nýsköpunarfyrirtækja á alþjóðamörkuðum og hefur aðgengi að fjármögnun verið til umfjöllunar. Einnig hefur norrænt frumkvöðlastarf verið kynnt undir merkjum www.nordicmade.org.

Í desember funduðu norrænir iðnaðarráðherrar. Ræddar voru sameiginlegar áherslur landanna og má þar helst nefna áhrif tækniþróunar og aukinnar sjálfvirkni á atvinnulíf á Norðurlöndum. Viðfangsefnið var álitíð brýnt enda mun tækniþróun umbylta atvinnulífi á næstu árum. Af öðrum viðfangsefnum fundarins má nefna frumkvöðla- og nýsköpunarstarf, en einföldun opinbers stuðningskerfis fyrir nýsköpun var ráðherrunum hugleikin. Einnig var rætt um einföldun reglna, ferðarþjónustu og aukið norrænt samstarf við að afnema landamærahindranir.

Norræna nýsköpunarmiðstöðin (Nordic Innovation)

Norræna nýsköpunarmiðstöðin (Nordic Innovation)¹² stýrir verkefnum og áætlunum með það að markmiði að auka nýsköpun og viðskipti á Norðurlöndum og innleiða stefnu á sviði nýsköpunar og atvinnulífs. Öllum verkefnum ber að fela í sér virðisauka fyrir norrænt atvinnulíf og stuðla að nýsköpunarsamstarfi. Nýsköpunarmiðstöðin gegnir viðamiklu hlutverki við framkvæmd hinna svokölluðu kyndilverkefna sem nú er unnið að undir samstarfsáætlun á sviði nýsköpunar og atvinnumála 2014–2017.

Lögð hefur verið áhersla á stuðning við frumkvöðla og sprotafyrirtæki þar sem íslensk fyrirtæki og stofnanir hafa tekið þátt í verkefnum. Má nefna samstarf til að efla tengsl stuðningsaðila nýsköpunar innan og utan Norðurlanda, samstarf á sviði hóp fjármögnunar auk starfsemi norræns nýsköpunarhúss í Silicon Valley í Kaliforníu sem opnað var 2014. Hlutverk nýsköpunarhússins er að auðvelda norrænum srotafyrirtækjum að sækja þekkingu og fjármagn á svæðið og mynda tengsl við frumkvöðla og fjárfesta. Verkefnið hefur vakið athygli og er til skoðunar að byggja á hugmyndinni á fleiri stöðum. Einnig hefur verið unnið að samanburði á norrænum úrræðum til stuðnings við nýsköpun með það að markmiði að löndin geti lært hvert af öðru og bætt þjónustu og úrræði.

Í tengslum við verkefni á sviði heilbrigðis- og velferðarþjónustu undir heitinu „Challenge competition within health and welfare“ var haldin fjölmenn ráðstefna í Reykjavík í nóvember undir heitinu „Nýsköpun og tækni í velferðarþjónustu“, sem velferðarráðuneyti stóð að. Á ráðstefnunni voru m.a. kynnt íslensk nýsköpunarverkefni sem tóku þátt í verkefnasamkeppninni.

Þá hafa áhrif tækniþróunar á atvinnulíf og hagnýting upplýsingatækni verið til umfjöllunar með hliðsjón af fækkun starfa í framleiðsluinaði. Mótaðar verða

¹²Sjá nánar um Norrænu nýsköpunarmiðstöðina á www.nordicinnovation.org

aðgerðir sem ráðist verður í 2016 og 2017 til að undirbúa Norðurlönd betur fyrir þá tæknibyltingu sem fram undan er með tilkomu aukinnar sjálfvirkni, gervigreindar og annarrar tækniþróunar.

Orkumál

Norræna orkusamstarfið byggist á *samstarfsáætlun sem gildir fyrir árin 2014–2017*. Helstu áherslupættir snúa að norræna raforkumarkaðnum, orkunýtni og endurnýjanlegri orku til raforkuframleiðslu og samgangna. Í starfi embættismannanefndarinnar og vinnuhópa hennar er aukin áhersla lögð á áhrif og samspil Evrópulöggjafar á norrænt orkusamstarf.

Unnið var áfram að Marina-verkefninu undir hatti Norræna lífhagkerfisins, en verkefnið miðar að því að auka hlut endurnýjanlegra orkugjafa á hafi.

Gengið var frá samþykktum fyrir NEF¹³. Mikil vinna lá þar að baki við að samræma sjónarmið til samræmis við þau markmið sem sett voru fram í skýrslunni „Nyt Norden“. Í samræmi við samþykktir skýrslunnar var ákveðið að gera úttekt á norrænu orkusamstarfi. Niðurstaða úttektarinnar verður m.a. nýtt við gerð næstu samstarfsáætlunar en vinna við hana hefst í lok árs 2016.

Áfram var unnið að verkefninu Nordsyn¹⁴, en innan þess hefur verið virkur samstarfsvettvangur eftirlitsstofnana varðandi eftirlit með rafmagnsvörum, sem settar eru á markað í samræmi við löggjöf um orkumerkingar, og vishönnun vöru, sem notar orku. Mannvirkjastofnun tekur þátt í verkefninu fyrir hönd Íslands en það var kynnt í norræna básnum á loftslagsráðstefnunni í París í desember.

Fundur norrænu orkumálaráðherranna var haldinn í nóvember í Kaupmannahöfn og voru m.a. rædd þau málefni sem efst eru á baugi í orkumálum innan ESB og hafa áhrif á norrænt orkusamstarf. Gestur fundarins var Maroš Šefčovič frá framkvæmdastjórn ESB en hann fjallaði um stefnu sambandsins í orkumálum, sem birtist m.a. í evrópska orkusambandinu (Energy Union).

Í tengslum við ráðherrafundinn voru haldnar tvær ráðstefnur. Sú fyrri var um samstarf á norræna raforkumarkaðnum, þar sem þess var minnst að hundrað ár voru liðin frá því að lagður var rafstrengur milli Danmerkur og Svíþjóðar. Seinni ráðstefnan fjallaði um orku- og umhverfismál í sveitarfélögum, þar sem m.a. var kynnt Vistorku-verkefni Akureyrarbæjar.

Embættismannanefndin fundaði í Færeyjum og var í tengslum við fundinn haldin ráðstefna um orkumál í Færeyjum. Þar hafa menn sett fram mjög metnaðarfull markmið um að auka hlut endurnýjanlegrar orku í raforkukerfinu.

¹³ Sjá nánar um NEF á bls. 20

¹⁴ Nordsyn – surveillance cooperation for green products

Nordic Marina

Nordic Marina er verkefni og samstarfsvettvangur innan NordBio sem hefur það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá skipum og haf-tengdri starfsemi á norðurslóðum. Fyrst og fremst á verkefnið að tengja saman fagaðila í einkageiranum og hjá hinu opinbera en einnig, eftir því sem kostur er, að kanna möguleika á norrænu samstarfi vegna rannsóknaverkefna á þessu sviði. Orkustofnun tekur þátt í verkefninu. Í lok þess verður gefin út svokölluð hvítbók þar sem listaðar verða helstu hindranir og tækifæri í græna sjávargeiranum á Norðurlöndum. Einnig verða settar fram tillögur til aðgerða sem gætu auðveldað og flýtt fyrir uppbyggingu innviða fyrir vistvænt eldsneyti á Norðurlöndum. Hafin eru rannsóknarverkefni um vistvænt eldsneyti á sjó, þar á meðal verkefni þar sem sett verður metanólíval um borð í íslenskt skip. Auk þess eru fleiri verkefni sem tengjast Nordic Marina í umsóknarferli. Þetta er talsverður árangur í ljósi þess að Nordic Marina hefur ekki fjárframlög til rannsókna og getur því ekki styrkt rannsóknaverkefni beint. Lokaráðstefna verður haldin í Reykjavík í október 2016.

Orkustofnun hefur tekið þátt í tveimur öðrum norrænum verkefnum sem tengjast endurnýjanlegu eldsneyti undir fyrirsögnunum „Nordic Energy and Transport Platform“ og „Nordic Jet Fuel“. Tilgangur verkefnanna er að hvetja til notkunar á endurnýjanlegu eldsneyti á Norðurlöndum, með mismunandi hætti þó. Fyrri verkefnið leggur áherslu á rafbilavæðingu og styrkir verkefni og vinnustofur. Seinna verkefnið kannar möguleika á notkun endurnýjanlegs eldsneytis á flugvélar. Sú fýsileikakönnun mun verða tilbúin á árinu 2016. Nordic Marina hefur haft mest áhrif hérlendis.

Norrænar orkurannsóknir (NEF)

Á árinu tók gildi ný stefna Norrænna orkurannsókna (NEF) fyrir árin 2015–2018. Áhersluatriði sem eru sérstaklega áhugaverð fyrir íslenska hagsmuni eru orkuskipti í sjóflutningum og fiskveiðum, betri nýtni samþættra orkukerfa og fjölnýting orkunnar og bættur kolefnisbúskapur fyrir orkufrekan iðnað. Í framhaldi af þeirri vinnu var norrænu flaggskipsverkefni hleypt af stokkunum og var veitt um 80 milljónum norskra króna til öndvegisverkefna sem falla að rannsóknamarkmiðum NEF. Öndvegisverkefnin lúta að þverfaglegum orku- og umhverfisrannsóknum þar sem aðstæður á Norðurlöndum eru í forgrunni. Alls bárust 96 umsóknir um styrk til flaggskipsverkefna, en í samræmi við mat sérfræðingahóps var ákveðið að fjármagna þrjú verkefni sem fjalla um:

- hvernig höndla má margbreytilega endurnýjanlega orkugjafa í gegnum raforkumarkaði (Flex4RE). Danmarks Tekniske Universitet stjórnar verkefninu.
- kolefnisbindingu (Negative CO₂). Unnið er undir forystu Chalmers verkfræðiháskólans í Gautaborg.

- hvernig hægt er að þróa lágkolvetnis-samgöngukerfi til að stuðla að hreinna orkukerfi á Norðurlöndum (NOSTRA). Sænsk stofnun sem sérhæfir sig í rannsóknum á sviði umhverfismála er leiðandi í því verkefni.

Íslenskar stofnanir komu að nokkrum umsóknum en eru ekki beinir þátttakendur í þeim verkefnum sem hlutu framgang.

Byggðamál

Starfað var samkvæmt *samstarfsáætlun fyrir byggðaþróun og skipulag sem nær yfir tímabilið 2013–2016*. Megináherslurnar eru: *Norræn svæði vísa veginn – svæðisbundin sjálfbær velferðarþróun, sjálfbært norðurskautssvæði og grænn hagvöxtur*.¹⁵

Vinnuhópar starfa að eftirfarandi málefnum:

- Lýðfræði og velferð.
- Byggðaðróun á norðurslóðum.
- Grænn hagvöxtur: Nýsköpun.
- Grænn hagvöxtur: Skipulagning og sjálfbærni í þéttbýli.

Haldið var áfram að undirbúa nýja þróunaráætlun fyrir Vestur-Norðurlönd (VeNUS), sem byggðamálaráðherrar og síðar samstarfsráðherrar samþykktu sem íslenskt formennskuverkefni. Hugmyndin á sér rætur í skýrslu Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD) um úttekt á NORA-samstarfssvæðinu¹⁶ sem gerð var árið 2011 og snýr að því að vinna að norrænni stefnu fyrir hin norðvestlægu svæði. Stefnan mun ná til atvinnumála, byggðamála og umhverfismála. Skrifstofa NORA mun halda utan um framkvæmd verkefnisins.

Fundur norrænu byggðamálaráðherranna var haldinn í apríl í Kaupmannahöfn og voru skipulagsmál og sjálfbærni í þéttbýli efst á dagskrá. Í nóvember var haldin þriðja ráðstefnan á vegum Nordregio undir fyrirsögninni „Nordregio Forum 2015 – Nordic City Regions in a Global Environment“. Fjallað var um styrkleika og veikleika norrænna borgarsvæða út frá alþjóðasamkeppni, loftslagsbreytingum og fólksflutningum. Þrjú þemu voru á ráðstefnunni: hagstæð og sjálfbær borgarsvæði, virk stjórnun norrænna borgarsvæða – samstarf innan og milli borgarsvæða – og lífvænleg og félagslega aðlaðandi borgarsvæði. Ráðstefnan var haldin í Helsingør í Danmörku en á annað hundrað manns sóttu hana. Fyrirlesarar voru frá Noregi, Bretlandi, Frakklandi, Hollandi og Kanada.

¹⁵ Nordens regioner viser vei: en regionalt bærekraftig velferdsutvikling, bærekraftig arktis og grønn vekst

¹⁶ Sjá nánar um NORA á bls. 22

Rannsóknastofnun í skipulags- og byggðamálum (Nordregio)

Nordregio er samnorræn rannsóknastofnun á sviði skipulags- og byggðamála með aðsetur í Stokkhólmi. Hjá Nordregio fara fram stefnumarkandi rannsóknir og stofnunin miðlar þekkingu sem nýtist við stefnumótun og ákvarðanatöku í norrænu og evrópsku samhengi. Eitt mikilvægasta verkefnið er að taka þátt í mótun byggðastefnu og sjálfbærrar þróunar á Norðurlöndum.

Á meðal meginrannsóknasviða Nordregio eru byggðaþróun í strjálbýli og þéttbýli, skipulag svæða, lýðfræði, stjórnhættir og kynjamál, nýsköpun og grænn vöxtur, sjálfbær þróun og heimskautasvæðin.

Stofnunin vinnur hágæða kort þar sem sýnd er þróun ýmissa hagrænna þátta.¹⁷ Á grunni tölfræðilegra gagnagrunna vinnur stofnunin skýrslu um stöðu mála á Norðurlöndum annað hvert ár.

Norræna Atlantssamstarfið (NORA)

NORA er sjóður sem er ætlaður til að styrkja samstarf á starfssvæði sem nær til Íslands, Færeyja, Grænlands og norður- og vesturhluta Noregs. Áhersla er á miðlun reynslu og þekkingar í byggða- og atvinnumálum og á nýsköpun og sjálfbæra þróun, en veittir eru styrkir til verkefna sem stuðla að eflingu atvinnulífs og byggða á starfssvæði sjóðsins.

Útthlutað var rúmlega 5,1 milljónum danskra króna í verkefnastyrki til 18 verkefna og eru Íslendingar þátttakendur í 17 þeirra.

Í október var svæðaráðstefna NORA haldin í Færeyjum og var umfjöllunar-efnið staðbundin ferðaþjónustuverkefni eða viðburðir, sem hafa vaxið og jafnvel orðið alþjóðleg fyrirbæri. Þá stóð netráðstefna um stafrænt heimskautasvæði yfir fram í mars, en hún hófst haustið 2014.

Umhverfismál

Sjá einnig um formennskuverkefnið Norræna lífhagkerfið (NordBio) á bls. 14.

Norrænt samstarf um umhverfismál á rætur að rekja til samstarfs um náttúruvernd og útilíf, en í árána rás hefur umfang og mikilvægi umhverfismála aukist á alþjóðavettvangi og hefur norrænt samstarf þróast í takt við það. Loftslagsmál settu eðlilega svip sinn á samstarfið á árinu og einnig var unnið að fjölda verkefna innan NordBio.

¹⁷ Sjá kortasjána NordMap

Loftslagsmál

Norrænu löndin hafa um árabíl haft með sér nána samvinnu um loftslagsmál og jókst sú samvinna til muna í aðdraganda loftslagsráðstefnunnar í París. Síðustu árin hefur norrænn vinnuhópur um alþjóðlegar loftslagsviðræður (NOAK) starfað með samninganefndum landanna og er meginhlutverk hans að liðka fyrir samningaviðræðum og varpa ljósi á ýmis vandamál eða aðstæður á einstökum svæðum og leggja til lausnir og nýta þekkinguna til að byggja brýr, einkum milli þróunarlanda og iðnvæddra ríkja.

Á fundi norrænu umhverfis- og loftslagsráðherranna sem haldinn var í Reykjavík í október samþykktu ráðherrarnir að senda sameiginlega yfirlýsingu til loftslagsráðstefnunnar í París. Markmiðið með yfirlýsingunni var fyrst og fremst að undirstrika þá ógn sem steðjar að á norðurslóðum vegna loftslagsbreytinga og ýta undir metnaðarfullar niðurstöður ráðstefnunnar.¹⁸

Á loftslagsráðstefnunni í París höfðu norrænu löndin sameiginlegt funda- og kynningarsvæði, þar sem NMR kynnti norrænt samstarf um loftslagsmál og umhverfismál almennt. Löndin efndu, ýmist hvert fyrir sig eða í samstarfi, til fjölda kynningarviðburða í því skyni að varpa ljósi á hinar ýmsu hliðar loftslagsmálanna og norrænar lausnir í þeim efnum. Ísland stóð fyrir kynningum um eftirtalin málefni: landgræðslu, málefni hafsins, jökla, jarðhita og málefni norðurslóða. Talningar sýna að fjölmargir nýttu sér möguleika á að horfa á kynningarnar á netinu.

Ráðherrarnir hafa ákveðið að styrkja samstarf sitt um loftslagsmál enn frekar, í því skyni að fylgja eftir niðurstöðum loftslagsráðstefnunnar. Hefur NOAK verið falið að gera áætlun um eðli og innihald þess samstarfs þannig að það nýtist sem best til að fylgja eftir skuldbindingum samningsins bæði heima fyrir og í stærra alþjóðlegu samhengi.

Málefni hafsins

Málefni hafsins eru ofarlega á baugi í norrænu samstarfi. Undanfarin ár hefur plastmengun í hafi verið í brennidepli og þau áhrif sem slík mengun hefur á lífríkið. Fuglar og fiskar flækjast í plastúrgangi og ef plastefni kemst inn í líkama sjávardýra, getur nýting á fiski og sjófugli orðið hættuleg vegna eiturefna sem myndast. Alþjóðleg ráðstefna um plastúrgang í hafi var liður í formennskuáætlun Íslands 2014. Norræni vinnuhópurinn um málefni hafsins fylgir niðurstöðum ráðstefnunnar eftir með ýmsum verkefnum, sem og norræni vinnuhópurinn um úrgang. Um þessar mundir er m.a. unnið að verkefni, sem felst í að rannsaka plastmengun í fyl á hafsvæðunum í kringum Ísland, Færeyjar og Noreg. Einnig

¹⁸ Sjá texta yfirlýsingarinnar: Nordic Climate- and Environment Ministers Declaration of Climate Change

er unnið að verkefni, sem snýst um að kanna mengun frá plastögnum sem berast í hafið með frárennslisvatni.

Í umræðunum um loftslagsmál hefur Ísland lagt ríka áherslu á hin alvarlegu áhrif sem súrnun sjávar hefur á lífríkið. Vinnuhópurinn um málefni hafsins hefur tekið þau mál til sín og á vegum hans er um þessar mundir unnið að verkefni, þar sem könnuð eru áhrif súrnunar á lífríki hafsins svo og möguleg hagræn áhrif í framtíðinni. Niðurstöður verða birtar í skýrslu sem kynnt verður á ráðherrafundi Norðurskautsráðsins árið 2017.

Áætlun um sjálfbæran tekstíl- og fataiðnað

Áætlunin var samþykkt á fundi norrænu umhverfisráðherranna í apríl í Kaupmannahöfn. Hún er eitt af formennskuverkefnum Dana og snýst um að draga úr auðlindasóun og notkun alls kyns efna í tekstíliðnaði. Einnig eru áform um að auka samstarf og menntun á Norðurlöndum á sviði fatahönnunar. Í kjölfar ráðherrafundarins var haldin kynning fyrir fjölmiðla og ýmis samtök og voru flutt erindi frá öllum löndunum og sýndar vistvænar afurðir, sem notaðar eru í tekstíl- og fatahönnun. Af Íslands hálfu fluttu erindi framkvæmdastjóri Sjávarleðurs og íslenskur fatahönnuður sem á sæti í stjórn Samtaka norrænna fatahönnuða.

Svanurinn

Umhverfisstofnun tók að sér að stýra verkefni um vegvísa fyrir norræna umhverfismerkið Svaninn. Um er að ræða framhald af verkefni sem byggist á jákvæðri reynslu af umhverfismerkingum í norrænum smásamfélögum. Vegvísarnir voru fyrir Álandseyjar, Færeyjar og Grænland. Umhverfisstofnun gerði áætlun um hvernig best væri að kynna Svaninn á svæðum sem þessum, þar sem almenn vitneskja um Svaninn er mismikil meðal fyrirtækja og almennings. Markmiðið með verkefninu var að koma Svaninum á flug í þessum löndum og byggja á þeirri reynslu og þeim góða árangri, sem hefur náðst á Íslandi á undanförunum árum. Haldnar voru vinnustofur og málstofur í löndunum og í kjölfarið gefin út skýrsla um verkefnið.

Úrgangsmál

Norræni vinnuhópurinn um úrgang fylgist vel með umfjöllun um úrgangsmál á vettvangi ESB. Umræða var um nýtt stefnuskið frá framkvæmdastjórninni um hringrænt hagkerfi.¹⁹ Meðal annars felur það í sér breytingar á sex tilskipunum ESB, þ.e. rammatilskipun um úrgang, umbúðatilskipun, urðunartilskipun, tilskipun um rafhlöður og rafgeyma, tilskipun um raf- og rafeindatækjaúrgang og tilskipun um úr sér gengin ökutæki. Norrænt samstarf um EES-samninginn felst

¹⁹ Circular Economy Package

ekki síst í gagnkvæmri aðstoð við að fylgjast með þeim gerðum sem eru í mótun hverju sinni og hvernig best sé að innleiða þær. Fullyrða má að Ísland nýtur mjög góðs af því samstarfi, þar sem það veitir oft beinan aðgang að norrænum sérfræðingum sem fjalla um málin á vettvangi ESB. Á vegum NMR, umhverfis- og auðlindaráðuneytis og Landverndar var gefið út námsefni ásamt kennsluleiðbeiningum um úrgangsförvarnir fyrir miðstig grunnskóla á Íslandi. Námsefnið byggist á fjórum þemum, sem fjalla um úrgangsförvarnir og er ætlað að auka yfirsýn og skilning nemenda og styrkja vitund þeirra um að úrgangur veldur ekki aðeins staðbundnum umhverfisvanda, heldur einnig að neysla hefur keðjuverkandi hnattræn áhrif.

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO)

Stjórn NEFCO ákvað á árinu að hefja á ný samstarf við norræn fyrirtæki sem vilja vinna að umhverfisbætandi verkefnum í Eistlandi, Lettlandi og Litáen auk Póllands. Í lok síðustu aldar var unnið að mörgum verkefnum í þessum löndum og fékkst af því afar góð reynsla. Á síðustu árum hefur meginþungi starfs NEFCO verið í Rússlandi og Úkraínu, en óstöðugt ástand þar ýtti undir þá ákvörðun stjórnarinnar að endurvekja samstarfið við ofangreind lönd. Eftir sem áður mun NEFCO leggja áherslu á verkefni í Rússlandi, Úkraínu og Hvíta-Rússlandi, á heimskautasvæðum og í Eystrasaltinu.

Norrænu utanríkisráðherrarnir ákváðu á árinu 2014 að á yta úr vör átaki til að byggja upp innviði á sviði orkuöflunar og orkunýtni í Úkraínu.²⁰ NEFCO var falið að hafa umsjón með þessum verkefnum. Um 1,5 milljónir íbúa Úkraínu hafa neyðst til að yfirgefa heimili sín vegna átaka í suður- og austurhluta landsins. Sveitarfélög sem taka á móti þessu fólki hafa nýtt fjármuni úr sjóðnum til að endurnýja orkukerfi og bæta einangrun í opinberum byggingum, t.d. grunn- og leikskólum. Um fimmtán þúsund börn hafa nú þegar notið góðs af þessu verkefni sem norrænu löndin fjármagna. Auk þess hefur dregið til muna úr rafmagnsnotkun (2.814 mw-stundir) og losun koldíoxíðs minnkað verulega vegna aðgerðanna. Á vegum íslenskra stjórnvalda er unnið að úttekt á möguleikum jarðhitavinnslu í vesturhluta Úkraínu.

²⁰Nordic Energy Efficiency and Humanitarian Support Initiative

Menningarmál

Íslenskt formennskuverkefni 2014–2016

Norræni spilunarlistinn

Norræni spilunarlistinn²¹ er á forræði norrænu kynningarmiðstöðvanna á sviði tónlistar, NOMEX. Spilunarlistinn hélt áfram að þróast og ná aukinni útbreiðslu og unnið var að settum markmiðum. Þau eru fyrst og fremst að auðvelda almenningi aðgang að nýrri norrænni tónlist frá bæði yngri og eldri tónlistarmönnum. Á annað hundrað tónlistarmenn hafa tekið þátt í að setja saman spilunarlista frá því að verkefninu var hleypt af stokkunum og um 200.000 manns hafa nýtt sér síðuna. Árið var nýtt til að greina hvernig styrkja mætti vefsíðuna og skipta umfjöllun um mismunandi greinar tónlistar í mismunandi kafla á síðunni.

Áfram var unnið með sumum af helstu tónlistarhátíðum á Norðurlöndum auk þess sem Berlin Festival var samstarfsaðili í tengslum við átak í Þýskalandi. Einnig bættust við stærri tónlistarhátíðir s.s. Hróarskelduhátíðin í Danmörku og Way Out West í Svíþjóð.

Norrænt notagildi listans kemur æ betur í ljós. Vefsíðuna nota nú tónlistarbókarar og ritstjórar annarra spilunarlista til að finna helstu strauma og stefnur hverju sinni, fylgjast með því sem er efst á baugi í tónlist á Norðurlöndum og velja tónlist á aðra spilunarlista. Norræni spilunarlistinn sem vefsíða og sem safn ólíkra spilunarlista hefur því veruleg áhrif á kynningu norrænnar tónlistar, sem hefur leitt til þess að þeir sem bóka hljómsveitir á tónlistarhátíðir hafa vaxandi áhuga á að bjóða norrænum tónlistarmönnum að taka þátt.

Áhersla verður lögð á Bandaríkjamarkað árið 2016, en verið er að undirbúa viðræður um samstarf við útvarpsstöðvar á borð við KCRW og KEXP. Þær eru óháðar, svæðisbundnar útvarpsstöðar²² og eru áhrifamestar í að koma á framfæri nýrri tónlist. KEXP er jafnframt þekkt fyrir YouTube rás sína og hefur um árabíl sent út myndefni frá Iceland Airwaves.

Norrænu menningarmálaráðherrarnir héldu tvo fundi á árinu, þann fyrri í maí í Færejum og þann síðari í október í Reykjavík. Fjárveitingar til norrænna menningarmála renna fyrst og fremst til reksturs sameiginlegra menningarstofnana, menningaráætlana og sjóða og er líklega sá hluti af starfi NMR, sem er sýnilegastur almenningi og snertir marga einstaklinga beint með styrkveitingum og menningarviðburðum.

²¹Nordic Playlist: nordicplaylist.com

²²National Public Radios

Stefna norrænu ráðherranna á sviði menningarmála árin 2013–2020 myndaði samkvæmt venju bakgrunn að formennskuáætlun Dana á menningarsviðinu. Stefnan byggist á fimm lykilorðum þ.e. *sjálfbær, skapandi, þvermenningarleg, ung og stafræn* Norðurlönd og endurspeglast þau í formennskuáætluninni.

Menningarmálaráðherrarnir tóku til umfjöllunar nokkur málefni, sem brenna á samtímanum, og samþykktu yfirlýsingar þar um sem þegar hefur verið fylgt eftir.

Yfirlýsing um norrænt átaksverkefni gegn ólöglegri verslun með menningarverðmæti og kerfisbundinni eyðileggingu menningarminja var samþykkt í maí.²³ Ráðherrarnir benda þar á að í öllum löndum sem eiga aðild að sáttmála UNESCO frá 1970 gildi bann við innflutningi á og verslun með menningarverðmæti sem borist hafa frá öðrum löndum með ólögumætum hætti. Í fámennari löndum, eins og hinum norrænu, geta aðgerðir orðið árangursríkari ef aðilar á ólíkum sviðum og frá mismunandi löndum efna til svæðisbundins samstarfs. Norrænu löndin vilja eiga frumkvæðið að slíku samstarfi og hefja sameiginlegt norrænt átak. Í desember var efnt til þverfaglegrar ráðstefnu sérfræðinga til að kanna forsendur fyrir frekari aðgerðum á norrænum vettvangi. Niðurstaða ráðstefnunnar var að auka þurfi norrænt samstarf um þessi mál. Átakið hefur vakið athygli innan UNESCO sem hvetur til þess að önnur svæði taki sér það til fyrirmyndar.

Norrænu menningarmálaráðherrarnir ræddu við fulltrúa almannaútvarpsstöðvanna á Norðurlöndum um þær áskoranir, sem almannaþjölmiðlar standa frammi fyrir í stafrænni framtíð. Ráðherrarnir lögðu m.a. áherslu á að norrænu almannaþjölmiðlarnir eigi áfram að gegna mikilvægu stuðningshlutverki fyrir lýðræðislega umræðu í samfélaginu. Þeir eigi að tryggja almenningi óháðan fréttaflytning og breitt úrval af almannaþjónustuefni í háum gæðaflokki, sem byggist á menningarlegum og samfélagslegum gildum Norðurlanda og styður við tungumál landanna. Reglugerðarramminn ætti að vera með þeim hætti að þeir gætu miðlað almannaþjónustuefni til alls almennings, sérstaklega barna og ungmenna. Ráðherrarnir voru sammála um að mikilvægt væri að ræða áfram hlutverk almannaþjölmiðla.

Menningarmálaráðherrarnir hafa stofnað fjárlagalið sem ætlaður er fyrir verkefni, sem eru þýðingarmikil fyrir norræna menningu og styðja við fyrrnefnda stefnu um menningarmál 2013–2020. Fjármunum hefur aðallega verið veitt til dansverkefnisins ICEHOT, samstarfs norrænna kynningarmiðstöðva á sviði tónlistar, NOMEX, átaksverkefnis í kynningu á norrænum barna- og unglingsbókmenntum, þ.m.t. stofnun barnabókaverðlauna NR auk formennskuverkefna.

Á fundi sínum í október ákváðu menningarmálaráðherrarnir fjórar megináherslur á árunum 2016–2018:

²³ Eyðilegging menningarverðmæta í Írak og Sírylandi – norrænt átaksverkefni

- Að tryggja að stefnumótun menningarmála taki mið af rannsóknum og greiningum. Sett verði á fót þekkingarsetur fyrir norræna pólitík og tölfræði á sviði menningar. Setrinu verði komið fyrir á stofnun sem þegar er til á Norðurlöndum, t.d. einhverjum háskólanna.
- Virk þátttaka almennings í norrænu menningarlífi til að tryggja fjölbreytni. Ákveðið var að hefja tvö verkefni á þessu sviði, annars vegar um kaup og miðlun á stafrænum miðlum og rafbókum á öðrum tungum en norrænum, hins vegar um byggingalist, sjálfbærni og samfélagið með áherslu á menningarrými.
- Tungumál og menning hjá ungu fólki. Til að styrkja tungumálaskilning og áhuga hjá ungu kynslóðinni er nauðsynlegt að ná til barna og ungmenna á þeirra miðlum og veita þeim tækifæri til tjáningar og sköpunar. Skapa þarf vettvang, bæði í raun- og í hinum stafræna heimi, þar sem unga kynslóðin getur kynnst menningu á háu gæðastigi. Huga þarf að því hvernig börn og ungmenni nota hina nýju miðla.
- Norræn menning erlendis. Eitt af formennskuverkefnum Dana var að skoða með hvaða hætti Norðurlönd geta staðið að menningarkynningum erlendis í framtíðinni. Ráðherrar samþykktu tillögur vinnuhóps um framtíðarskipan slíkra verkefna, þ.e. grundvallarmarkmið, meginreglur og ákvarðanaferli. Ákveðið var að setja á fót verkefnastjórn og verður fyrsta hlutverk hennar að undirbúa samnorræna menningarkynningu árið 2017, sem verður haldin í samstarfi við menningarmiðstöðina Southbank í London.

Menntun og vísindi

Íslenskt formennskuverkefni 2014–2016

Biophilia

Biophilia er viðamiklð kennsluverkefni, sem miðar að sköpun sem kennslu- og rannsóknaraðferð og byggist á samstarfi vísinda og lista. Lögð er áhersla á að brjóta upp hefðbundnar kennsluaðferðir með skapandi kennslu og þverfaglegri nálgun. Öll norrænu löndin og sjálfstjórnarlöndin völdu hvert sitt svæðið til þátttöku í verkefninu og á árinu hélt íslenska Biophiliu-teymið námskeið í hverju þeirra fyrir tilvonandi Biophiliu-kennara. Gera má ráð fyrir að yfir 100 kennarar hafi kennt yfir 2500 nemendum samkvæmt Biophiliu-aðferðinni á árinu 2015 og mun kennsluaðferðin víða verða notuð áfram á árinu 2016. Sérhönnuðum rafrænum samskiptavef fyrir þátttakendur var komið á fót og kennsluleiðbeiningar voru þýddar á sex tungumál og gerðar aðgengilegar á vefsíðu verkefnisins. Verkefnið var einnig kynnt víða á ráðstefnum, t.d. á Suomi Areena í Finnlandi, International Symposium on Northern Development í Québec í Kanada og á listahátíðinni CultureScapes í Sviss.

Norræna þekkingarlestin, á vegum Háskóla Íslands (HÍ), hefur ferðast um sömu svæði og Biophilia-kennsluverkefnið, þ.e. í Færeyjum, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Markmiðið er að efla áhuga nemenda og almennings á náttúru og vísindum með margvíslegum vísindaviðburðum. Hvert þáttökuland hefur útfært þekkingarlestina með sínum hætti með áherslu á að tengja ólík skólastig, vísindasöfn og menningastofnanir, í anda Biophilia menntaverkefnisins. Þannig hefur orðið til öflugt þekkingarnet um samþættingu lista og vísinda, þar sem menntun er flutt út fyrir veggj menntastofnana með nýstárlegum leiðum í lífandi vísindamiðlun.

Ný samstarfsáætlun norrænu ráðherranna um menntamál og rannsóknir – Gæði og mikilvægi menntunar og rannsókna – gildir frá og með árinu 2015 og markar stefnuna á sviðum menntamála, rannsókna, tungumála og upplýsingatækni. Takmarkið með áætluninni er að brýna áherslur og markmið samstarfsins en það ræðst af þeim pólitísku áherslum sem eru ofarlega á baugi í löndunum.

- Áhersla er á að auka gæði í leikskólum, kennslu og menntun. Markmiðið er að þróa menntun í góðu námsumhverfi, sem stuðlar að því að öll börn og ungmenni geti þroskað andlega og líkamlega færni sína, jafnframt því að draga úr áhrifum af félagslegri stöðu þeirra og að þau fái tækifæri til að læra og þroskast ævilangt.
- Á sviði rannsókna er áhersla á að þekking byggist á vísindalegum grunni. Þróað samstarf um rannsóknir eykur gæði rannsókna og áhrif þeirra. Ráðherrarnir vilja stuðla að því að Norðurlönd verði leiðandi á sviði þekkingar.

- Í norrænu tungumálasamstarfi er áherslan á þróun sameiginlegra gilda, sem leynast í tungumála- og menningarsamsemd Norðurlandabúa. Enn fremur á að beina sjónum að svonefndri samhliðatungumálanotkun.
- Samstarf á sviði upplýsingatækni miðar að því að auðvelda einstaklingum og fyrirtækjum á Norðurlöndum að færa sig á milli landa. Einnig á að auka gæði stafrænnar þjónustu opinberra yfirvalda á Norðurlöndum.

Hreyfanleiki námsmanna

Úttektum lauk á samningum um hreyfanleika námsmanna á Norðurlöndum er varða háskólastigið, þ.m.t. samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um aðgang að æðri menntun. Ísland fór með formennsku í úttektarvinnunni. Undir lok árs var undirrituð framlenging á samningnum til ársloka 2018.

Fundur sérfræðinga um hreyfanleika námsmanna ályktaði að gildandi samningar séu enn þarfir. Þó sé þörf á að skoða norrænan ávinning af samvinnu um viðurkenningu á námsgráðum flóttamanna og skoða betur möguleika á að formfesta sjálfkrafa viðurkenningu ákveðinna námsgráða milli landanna. Bóðað hefur verið til sérfræðingafundar um málið.

Norrænt tengslanet gegn öfgahyggju

Á ráðherrafundi var rætt um hvernig hægt væri að sporna gegn öfgahyggju. Í framhaldinu var ákveðið að koma á norrænu tengslaneti sérfræðinga ráðuneyta og stjórnvalda menntamála, tómstunda og félagsstarfsemi, til að sporna gegn róttækni og öfgahyggju meðal barna og ungmenna.

Frumkvöðlamennt í grunnskólum

Innan forgangsverkefnis um sjálfbæra norræna velferð hófst þriðji áfangi verkefnis um að styðja við frumkvöðlamenntun á Norðurlöndum. Útbúin voru kunnáttumarkmið fyrir frumkvöðlamiðaða kennslu á grunnskólastigi, með dæmum um hvernig útfæra megi markmiðin.

Úttekt á Nordplus

Tilgangurinn með úttekt á norrænu menntaáætluninni Nordplus var að leggja grunn að mögulegum breytingum á menntaáætluninni eftir að núverandi tímabili lýkur í árslok 2016. Markmiðið var einnig að fá styrkari stoðir fyrir framtíðarþróun Nordplus og tækifæri hvað varðar innihald og stjórnun ef þess væri talin þörf. Í úttektinni var sjónum beint að árangri verkefna og hvaða áhrif þau hefðu á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum.

Helstu niðurstöður eru þær að Nordplus-menntaáætlunin sé í góðum farvegi og að breytingar, sem gerðar voru með því að setja sameiginlega stjórnarnefnd

yfir allar fimm undiráætlanir og samhæfa betur yfirumsjón með áætlununum, hafi gefist vel. Úttektaraðilar leggja fram nokkrar tillögur til umbóta, en tekið var á þeim flestum á matsmálþingi sem haldið var samhliða stjórnarfundi Nordplus í nóvember. Megin tillögurnar eru eftirfarandi:

- Nordplus-áætluninni verði fram haldið á tímabilinu 2017–2021 og hljóti til þess sambærilegan fjárstuðning og nú.
- Talin er þörf á því að skýra betur hverjir beri ábyrgð á tilteknum atriðum.
- Lagt er til að stýrihópsfundir verði markvissari og betur undirbúnir, t.d. með ítarlegri gögnum.
- Skýra þurfi betur tilgang Nordplus-tungumálaáætlunarinnar og reglur um umsóknir.

Starfsþróun og menntun kennara

Menntamálaráðherrar ræddu um mikilvægi kennaramenntunar og starfsþróunar kennara fyrir gæði skólastarfs. Vinnuhópi var falið að leggja fram tillögur til að efla þessa þætti á norrænum vettvangi og lá skýrsla fyrir í desember.

Gæði í háskólum

Gæði í háskólum voru einnig á dagskrá ráðherranna. Stofnaður var vinnuhópur til að skilgreina þær megináskoranir sem löndin standa frammi fyrir á þessu sviði og leggja fram tillögur að samnorrænum verkefnum. Lokaskýrsla lá fyrir í desember.

Tungumálasamstarf

Vinnuhópur skoðaði hvar mörkin liggi milli ábyrgðar menntageirans og menningargeirans í norrænu tungumálasamstarfi og lagði í nóvember fram tillögur um, hvernig megi tengja saman tungumálakennslu og menningarviðburði.

Jafnréttismál

Norræna samstarfsáætlunin um jafnréttismál fyrir tímabilið 2015–2018 ber yfirskriftina Saman í þágu jafnréttis – öflugri Norðurlönd. Í samstarfsáætluninni eru tvö meginefni, annars vegar jafnrétti á opinberum vettvangi og hins vegar velferð og nýsköpun. Í áætluninni eru einnig tvö þverfagleg málefni, sjálfbær þróun með áherslu á margbreytileika og virk þátttaka karla og drengja í jafnréttisstarfi. Þá skal stefnan um samþættingu jafnréttissjónarmiða koma til framkvæmda samhliða jafnréttisáætluninni.

Hatursorðræða

Á fundi norrænu jafnréttisráðherranna í maí komu fram áhyggjur af aukinni hatursorðræðu í opinberri umræðu sem einkum bitnar á konum. Rætt var um að margt benti til að hatursorðræða fari vaxandi, einkum á samfélagsmiðlum, hún sé oft kynbundin og feli í sér alvarlegan vanda á sviði jafnréttismála. Ráðherrarnir ákváðu þess vegna að beita sér gegn þessari þróun. Samþykkt var að formennska Dana stæði fyrir málþingi um hatursorðræðu með það fyrir augum að skila skýrum tillögum til aðila sem vinna með þessi mál á Norðurlöndum.

Í samræmi við ákvörðun ráðherrafundarins var boðað til sérfræðimálþings í nóvember um kynjamismunun og hatursorðræðu á netinu. Í aðdraganda málþingsins voru teknar saman niðurstöður rannsókna á útbreiðslu hatursskilaboða á netinu.²⁴ Þar kemur meðal annars fram að þeir sem senda hatursskilaboð eru flestir karlmenn. Konur eru oftar fórnarlömb hatursskilaboða af kynferðislegum toga. Bláðamenn og samfélagsrýnar, sem fjalla um innflytjendur, minnihlutahópa og femínisma, fá oftar en aðrir hatursskilaboð á netinu. Í umræðum á málþinginu kom fram að skortur er á þekkingu á viðfangsefninu. Einnig að refsilöggjöf landanna nái ekki til vandans og að þörf sé á nýrri lagasetningu, til dæmis hvað varðar dreifingu upplýsinga sem ganga gegn friðhelgi einkalífsins. Niðurstöður málþingsins verða teknar saman í skýrslu, sem lögð verður til grundvallar ákvörðunum um sameiginlegar aðgerðir norrænu ríkisstjórnanna.

Á þingi Norðurlandaráðs æskunnar (UNR) í lok október var haldið málþing um hatursorðræðu meðal ungs fólks á netinu.²⁵ Málþingið fór fram í samstarfi norrænu embættismannanefndarinnar um jafnrétti, Norrænu barna- og ungmennanefndarinnar (NORDBUK) og norrænu embættismannanefndarinnar um menningarmál.

Kvennanefndarfundurinn

Norrænu jafnréttisráðherrarnir tóku þátt í 59. fundi kvennanefndar SP í New York í mars.²⁶ Fundurinn var tileinkaður tuttugu ára afmæli framkvæmda-áætlunarinnar frá Peking, sem leggur grunn að starfi aðildarríkjanna á sviði jafnréttismála. Ný þróunarmarkmið SP voru einnig til umræðu. Markmiðin voru samþykkt á fundi leiðtoga aðildarríkja SP um haustið og munu þau leysa þúsaldarmarkmiðin frá árinu 2000 af hólmi. Norrænu löndin hafa lagt áherslu á að öll aðildarríki viðurkenni rétt kvenna til lífs án mismununar og ofbeldis. Norrænu jafnréttisráðherrarnir stóðu fyrir opnum pallborðsumræðum undir yfirskriftinni; „Konur og karlar – sameiginlegt verkefni um jafnrétti“ og funduðu með framkvæmdastjóra UN Women. Jafnframt var haldið málþing sérfræðinga um kynjajafnrétti sem forsendu hagsældar og velferðar.

²⁴ Als Research APS: Hadytringer og sexismen i Norden

²⁵ Ungas utsatthet på nätet och näthat i Norden

²⁶ Convention of the Status of Women – CSW

Samanburðartölur um jafnrétti kynjanna

Á vordögum var gefin út fyrsta tölfræðihandbókin í vasabroti um jafnrétti á Norðurlöndum.²⁷ Hagstofur landanna unnu í rúmt ár saman að því að safna samanburðartölum að beiðni NMR. Bæklingurinn lýsir stuttlega stöðu jafnréttis á nokkrum sviðum í norrænu löndunum. Meðal þeirra sviða sem lýst er á myndrænan hátt eru fjölskyldur, vinnumarkaður, menntun, heilbrigði, áhrifastöður, tekjur og völd. Á haustmánuðum voru tölfræðiupplýsingarnar gefnar út í stafrænu formi og eru því upplýsingar aðgengilegri en áður um hvernig fjármagn og völd, launavinna og ólaunuð heimilisstörf, sjálfsvíg og reykingar skiptast á milli kvenna og karla í norrænu löndunum, þar á meðal Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi.²⁸

Norræna upplýsingamiðstöðin um kynjajafnrétti (NIKK)

Norræna upplýsingamiðstöðin um kynjajafnrétti er samstarfsverkefni, sem snýst um að safna saman og miðla þekkingu um stefnur, verkefni, staðreyndir og rannsóknir um jafnrétti kynjanna – frá norrænu sjónarhorni til allra sem láta sig málið varða. Upplýsingamiðstöðin hefur með höndum umsjón með úrvinnslu og úthlutun styrkja til rannsóknarverkefna, en átta samstarfsverkefni hlutu styrk á árinu. Jafnframt var NIKK falin umsjón með tveimur verkefnum:

- Kortlagningu á aðgerðum og verkefnum á Norðurlöndum um karla og jafnrétti, með það fyrir augum að leiða fram það sem vel hefur tekist og þær áskoranir sem blasa við varðandi aukna þátttöku karla í þágu kynjajafnréttis. Skýrsla með niðurstöðum verður lögð fyrir ráðherrafund á árinu 2016.
- Framhald rannsóknarverkefnis um hlutastörf sem beinist að stöðu mála í Færeyjum, á Grænlandi og á Álandseyjum.

Borgaraleg réttindi í 100 ár

Íslendingar, Danir og Færeyingar fögnuðu aldarafmæli kosningaréttar kvenna. Finnar héldu upp á áfangann árið 2006 og Norðmenn árið 2013. Aldarafmælinu verður síðan fagnað árið 2021 í Svíþjóð. NMR var aðili að alþjóðlegri hátíðarráðstefnu í Reykjavík í október í samstarfi við framkvæmdanefnd Alþingis um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna og Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum við HÍ (RIKK). NMR veitti verkefnastyrk til ráðstefnunnar og var fyrri dagur ráðstefnunnar helgaður sögu kosningaréttar kvenna og stjórnmalabátttöku á Norðurlöndum. Síðari daginn var sjónum beint að núverandi ógnum við borgaraleg réttindi kvenna. Þannig var leitast við að greina pólitíska og efnahagslega þátttöku kvenna, en einnig að svara þeirri spurningu að hvaða marki konur ráða

²⁷ Nordic Gender Equality in Figures

²⁸ Sjá: Nordiske ligestillingsindikatorer

yfir sínum eigin líkama, 100 árum eftir að þær hlutu pólitísk réttindi til jafns við karla.

Kyn, menntun og fólksflutningar

Á ráðstefnu í Nuuk í júní var lögð fram og rædd úttekt á samhengi menntunar, kynjajafnréttis og búferlaflutninga í dreifbýli á Norðurlöndum.²⁹ Úttektin fjallar um þróun mála og þær áskoranir sem vestnorrænu löndin standa frammi fyrir. Hún er m.a. svar við tilmælum Vestnorræna ráðsins nr. 3/2013 varðandi greinargerð um fækkun kvenna í Færeyjum og á Grænlandi.

²⁹ Sted, (U)lighed og Køn

Félags- og heilbrigðismál

Íslenskt formennskuverkefni 2014–2016

Norræna velferðarvaktin

Rannsóknarverkefnið Norræna velferðarvaktin skiptist í þrjá meginþætti, Velferð og vá, Kreppur og velferð og Norræna velferðarvísa og var kynnt víða á árinu, bæði hér á landi og erlendis.

Í mars var haldinn kynningarfundur um Norrænu velferðarvaktina þar sem fulltrúar allra þriggja meginþátta Norrænu velferðarvaktarinnar voru frummælendur. Fundinn sóttu starfsfólk ráðuneyta, einstaklingar úr háskólasamfélaginu, fulltrúar íslensku Velferðarvaktarinnar og aðrir aðilar sem vinna að velferðarmálum og norrænu samstarfi.

Á fyrri hluta ársins var gefin út skýrslan „Mat á störfum velferðarvaktarinnar“. Matið var liður í rannsóknarverkefninu Velferð og vá og fól í sér að skoða árangurinn af starfi íslensku Velferðarvaktarinnar sem sett var á laggirnar hér á landi í ársbyrjun 2009, til þess að afla upplýsinga um félagslegar og fjárhagslegar afleiðingar bankahrunsins á einstaklinga og fjölskyldur í landinu og gera tillögur til úrbóta. Kannað var hvort settum markmiðum hafí verið náð og jafnframt að greina frá helstu styrkleikum og veikleikum Velferðarvaktarinnar.

Málþingið „Social Services in Times of Disaster“ var hluti rannsóknarverkefnisins Velferð og vá og var haldið í maí í Norræna húsinu í samvinnu við norrænt öndvegissetur um náttúruvá og öryggi samfélaga (NORDRESS). Þar kom saman þverfaglegur hópur ýmiss konar sérfræðinga og hagsmunaaðila, sem starfa á þessu sviði, og ræddi hlutverk félagsþjónustu á hamfaratímum. Markmið málþingsins var að fjalla um hlutverk félagsþjónustu sveitarfélaganna í tengslum við forvarnir, viðbrögð og endurreisn samfélaga ásamt því að ræða leiðir til að auka viðnámsþrótt íbúa og samfélaga.

Stjórnandi danska rannsóknarteymisins í verkefninu Velferð og vá hélt opinn fyrirlestur á sjúkrahúsinu á Akureyri í apríl.³⁰ Fjallaði hann um danska almannavarnakerfið og ræddi nokkur stærri tilvik sem það hefur tekist á við. Hann sagði einnig frá rannsóknum sínum og þátttöku í norrænum rannsóknarverkefnum, þ.m.t. í NORDRESS.

Í september var haldinn opinn fundur í Norræna húsinu til að kynna almenningi Norrænu velferðarvaktina. Fjölluðu fulltrúar allra fyrrnefndra þriggja meginþátta Norrænu velferðarvaktarinnar um framgang verkefnanna. Fjallað var um Norrænu velferðarvaktina í fjölmiðlum í tengslum við fundinn.

³⁰ Rasmus Dahlberg: Danish Emergency Management - now and then

Í október var Norræna velferðarvaktin kynnt fyrir hópi norrænna blaðamanna í Reykjavík en þeir sóttu Ísland heim í tengslum við þing NR. Fjallað var um mismunandi aðferðir Íslands og Írlands við að efla velferð í kjölfar efnahagskreppu, en sá samanburður er hluti rannsóknarverkefnisins Kreppur og velferð. Opnað var vefsvæði verkefnisins og má þar finna tölulegar upplýsingar, saman-tekjur og skýrslur.³¹

Unnið var að undirbúningi viðburða sem fara áttu fram árið 2016. Þar má nefna málþingið „Emergency Management in Iceland and Sweden“, sem var haldið í Norræna húsinu í janúar og er hluti rannsóknarverkefnisins „Velferð og vö“. Einnig hófst undirbúningur að samráðsfundi, sem haldinn verður hér á landi í apríl 2016, með fulltrúum rannsóknarverkefnanna sem falla undir Norrænu velferðarvaktina. Á þeim fundi verða lagðar línur varðandi tillögur sem lagðar verða fyrir samstarfsráðherrana þegar verkefninu lýkur. Undirbúningur að lokaráðstefnu Norrænu velferðarvaktarinnar er hafinn, en hún verður haldin í Reykjavík í nóvember 2016. Á ráðstefnunni munu verkefnisstjórar undirþátta hennar kynna afraksturinn. Finnar munu byggja á afrakstri Norrænu velferðarvaktarinnar í því formennskuverkefni sem þeir leiða á næstu árum á sviði velferðar.

Samstarf á vegum norrænu félags- og heilbrigðismálaráðherranna var yfirgripsmikið á árinu og veigamiklar ákvarðanir um samstarf voru teknar. Þá var vinnulagi og verkferlum í samstarfinu breytt með það að markmiði að gera starfið skilvirkara. Samstarfið byggist á *stefnu norrænu félags- og heilbrigðismálaráðherranna um félags- og heilbrigðismál frá 2013*.

Markvisst samstarf um heilbrigðismál

Áfram var unnið úr tillögum Bo Könberg frá árinu 2014 um framtíðarsýn í norrænu samstarfi um heilbrigðismál næstu 5–10 árin. Farið var yfir þær tillögur sem ekki hafði þegar verið hrundið í framkvæmd og brýnum verkefnum komið í farveg, s.s. átaki gegn auknu sýklalyfjaónæmi, samstarfi um mjög sérhæfðar lækni meðferðir þvert á norræn landamæri og um sjaldgæfa sjúkdóma, samstarfi um öflugra lýðheilsusamstarf, lýðheilsu og heilsujöfnuð svo og lyfjamál. Þá hófst í tilraunaskyni mannaskiptaáætlun fyrir starfsfólk norrænna heilbrigðisráðuneyta en það verkefni nær til árana 2015–2016.

Norræn velferðarmiðstöð (NVC)

Norræna velferðarmiðstöðin (NVC) vann samkvæmt nýjum samningi fyrir árin 2015–2018. Samningurinn er settur upp með markmiðum og árangursmati og byggist á fyrnefndri stefnu félags- og heilbrigðismálaráðherra frá 2013.

³¹ Sjá slóðina: welfarecrisis.hi.is

Norræn tannlækningastofnun (NIOM)

Norræna tannlækningastofnunin (NIOM), sem er samstarfsstofnun ráðherra-nefndarinnar um félags- og heilbrigðismál, vann í samræmi við samninga sem gengið var frá í árslok 2014.

Norrænt ráð um málefni fólks með skerta getu

Starf norræna ráðsins um málefni fólks með skerta getu var í góðum farvegi og var unnið samkvæmt aðgerðaráætlun fyrir árin 2015–2017. Leitast var við að finna leiðir til að auka samstarf ráðsins við Norræna landamærahindranaráðið.

Samningur um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna

Tilskipun 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi hefur sama markmið og samningurinn um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna. Því telja ráðherrarnir samninginn hafa glatað sjálfstæðri merkingu sinni og geta haft óæskilegar afleiðingar. Veigamiklar breytingar voru gerðar á samningnum og nær hann í raun nú aðeins til hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða, sem menntaðir eru á Grænlandi, og hjúkrunarfræðinga og félags- og sjúkraliða, sem menntaðir eru í Færeyjum, svo og til upplýsingaskipta milli landanna. Tillaga norrænu félags- og heilbrigðisráðherranna þess efnis fór fyrir þing NR í október 2015 og var samþykkt.

Markvisst starf til að hrinda stjórnsýsluhindrunum úr vegi

Markvist var unnið á þessum vettvangi á vegum vinnuhóps, sem fylgist með framkvæmd Norðurlandasamnings um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu, og vinnuhóps um almannatryggingar, sem fylgist með framkvæmd Norðurlandasamningsins um almannatryggingar.

Samningur um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu

Tekin var ákvörðun um að endurskoða Norðurlandasamning um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu. Í þeirri endurskoðun á að hafa til hliðsjónar úttekt á vegum samstarfsráðherranna, þar sem farið verður yfir alla norræna samninga m.t.t. Evrópuréttar.

Samstarf um meðferð við mænuskaða og um mænuskaðarannsóknir

Gengið var frá skýrslu um norrænt samstarf varðandi meðferð við mænuskaða og um mænuskaðarannsóknir, sem unnið var að á formennskuári Íslands 2014. Á fundi norrænu félags- og heilbrigðismálaráðherranna í Kaupmannahöfn í september kynnti heilbrigðisráðherra skýrsluna og tillögur sínar um áherslur í norrænu samstarfi um mænuskaða. Ráðherrarnir samþykktu tillögur Íslands um að þörf sé

á að vinna markvisst áfram að málefnum um mænuskaða og að samstarfshópi um sérhæfða meðferð verði falið að fjalla um tillögur Íslands.

Norræn hagskýrslunefnd og norræn heilbrigðistölfraeðinefnd

Norræna hagskýrslunefndin NOSOSKO og Norræna heilbrigðistölfraeðinefndin NOMESKO unnu við að safna og birta tölfraeðilegar upplýsingar, um heilbrigðismál annars vegar og ýmsar hagtölur hins vegar. Þá hefur samstarf nefndanna aukist til muna á undanförunum árum sem leiðir af sér betri og gagnlegri upplýsingar.

Samstarf um lýðheilsumál eftir að Norræni lýðheilsuháskólinn var lagður niður

Þegar félags- og heilbrigðismálaráðherrarnir ákváðu árið 2013 að Norræni lýðheilsuháskólinn (NHV) yrði lagður niður, ákváðu þeir jafnframt að draga í engu úr samstarfi um lýðheilsumál. Tekin var ákvörðun um samstarf um diplómanám í sóttvörnum og spítalasykingum fyrir heilbrigðisstarfsfólk og er undirbúningur að því kominn á lokastig. Aðrar leiðir til að halda áfram samstarfi í lýðheilsumálum voru til umræðu í embættismannanefndinni og á fundi ráðherranna. Stefnt er að því að ráðherrarnir geti ákveðið áherslur samstarfsins á fundi sínum árið 2016.

Vinumál

Samstarfsáætlun um vinnumál fyrir tímabilið 2013–2016, undir heitinu *Sameiginlegar áskoranir og norrænt notagildi*, leggur áherslu á að vinna gegn atvinnuleysi ungs fólks og virkja þá sem hætt er við útilokun frá þátttöku á vinnumarkaði og í samfélaginu almennt.

Á fundi norrænu vinnumálaráðherranna í nóvember í Kaupmannahöfn var þemaumræða um stöðu ungs fólks, sem stendur höllum fæti eða er óvirkt á vinnumarkaði. Umræðan hófst með kynningu á nýlegum rannsóknum um efnið. Fulltrúar aðila vinnumarkaðarins á Norðurlöndum tóku þátt í umræðunum. Fram kom að þrátt fyrir fjölbreytta möguleika færi hópur óvirkra ungmenna víða stækkandi á Norðurlöndum. Öll löndin lögðu áherslu á samstarf menntakerfis og vinnustaða, ásamt aukinni starfsráðgjöf til að samræma betur framboð og eftirspurn eftir fag- og háskólamenntun. Önnur þemaumræða var um félagsleg undirboð og var lögð áhersla á mikilvægi norræns samstarfs í þessu sambandi.

Ræddar voru atvinnuleysisbætur í löndunum og samspil þeirra við nógildandi ESB-reglur. Ráðherrarnir voru sammála um að aðlaga þyrfti ESB-löggjöf, þannig að hún endurspegladi evrópskt samfélag nútímans og að ESB-reglur mættu ekki grafa undan velferðarkerfum norrænu landanna. Ákveðið var að senda yfirlýsingu til framkvæmdastjórnar ESB, þar sem lögð er áhersla á að

mikilvægt sé að breytingar á reglum um atvinnuleysisbætur endurspegli mun á launa- og lífskjörum í mismunandi ESB/EES-löndum. Í umræðum um skýrslur landanna var straumur flóttamanna til norrænu landanna í brennidepli. Augljóst var að um mjög erfitt og viðkvæmt úrlausnarefni er að ræða og áherslur landanna mismunandi. Lögð var áhersla á mikilvægi þess að flóttamenn aðlöguðust samfélaginu og tækju þátt á vinnumarkaði. Rætt var um aðgerðir til að draga úr skriffræði við að meta menntun og starfsréttindi flóttamanna.

Á vegum embættismannanefndarinnar um vinnumál hófst uttekt á norrænu vinnumálasamstarfi, sem verður í höndum Poul Nielson, fyrrum ráðherra í Danmörku og fyrrum félaga í framkvæmdastjórn ESB. Úttektinni er meðal annars ætlað að kanna möguleika á norrænu samstarfi í tengslum við mál sem varða ESB og EES, en einnig hvað varðar önnur alþjóðamál, sérstaklega þau sem tengjast OECD og Alþjóðavinnumálastofnuninni. Einnig á að kanna möguleika þess að efla þrihliða samstarf við aðila vinnumarkaðarins í löndunum. Niðurstöður verða kynntar árið 2016. Ákveðið var að gera úttekt á starfsemi Nordjobb til undirbúnings fyrir stefnumótun og nýja áætlun fyrir tímabilið 2017–2019.

Haldnar voru þrjár ráðstefnur á árinu. Sú fyrsta var um atvinnuleysi ungs fólks, yngra en 30 ára, sem er utan vinnumarkaðar og ekki í skóla. Málstofa sérfræðinga um frjálsa för milli landa fór fram á haustmánuðum og einnig var haldin ráðstefna í Færeyjum um forsendur vinnumarkaðar í dreifbýli á Norður-löndum.

Vinnumarkaður

Norræna vinnumarkaðsnefndin lagði áherslu á eftirfarandi þætti:

- Hreyfanleika á innlendu vinnuafli.
- Betri miðlun milli starfa og vinnuafls.
- Símenntun eftir þörfum vinnumarkaðarins.
- Baráttu gegn atvinnuleysi meðal jaðarhópa og langtímaatvinnuleysi.
- Virkara samstarf milli opinberra stofnana.
- Nýtingu á þekkingu og nútímavæðingu vinnumarkaðsmála.

Lokið var við rannsókn, þar sem kannaðar voru og greindar leiðir ungs fólks frá skóla og út í atvinnulífið á grundvelli samanburðar milli landanna. Í annarri rannsókn var borin saman starfsmenntun í löndunum. Þriðja verkefnið sem lokið var við snéri að öflun gagna til grundvallar fyrir mati á menntun og hæfni fólks á vinnumarkaði. Vinnnumarkaðsnefndin hélt fyrri fund sinn í Ilulissat á Grænlandi í þeim tilgangi að efla þekkingu og skilning á þeim svæðum, sem standa hvað höllustum fæti þegar kemur að jaðarbyggðum og atvinnumálum þar. Veittur var styrkur til nýs verkefnis, sem lýtur að samanburði og greiningu á stjórnsýslulegu skipulagi vinnumarkaðsmála í löndunum. Er sjónum sérstaklega beint að áhrifum

og þýðingu opinberrar þjónustu og atvinnuleysistrygginga fyrir árangur í vinnu-
markaðsmálum í löndunum. Verkefninu lýkur árið 2016.

Vinnuréttur

Talsverð umræða fór fram í norrænu vinnuréttarnefndinni um útsenda starfs-
menn og starfsemi starfsmannaleigna, en mikilvægt þykir að hafa eftirlit með því
að ekki sé um félagsleg undirboð að ræða á vinnuörkuðum ríkjanna.

Jafnframt var rætt um nýlegar lagabreytingar og frumvörp sem löndin eru að
vinna að í tengslum við vinnumarkaðslöggjöf, m.a. hvað varðar innleiðingar á
efni tilskipana ESB er tengjast vinnumarkaði. Þá var farið yfir nýja dóma, sem
fallið hafa hjá EFTA-dómstólnum sem og Evrópuþómstólnum, á sviði vinnumála
og rætt um þau réttaráhrif sem dómarnir kunna að hafa á vinnumarkaðslöggjöf
einstakra ríkja. Jafnframt var farið yfir helstu atriðin í tengslum við störf
Alþjóðavinnuálastofnunarinnar.

Vinnuvernd

Forgangsmál á sviði vinnuverndar 2013–2016 er að efla öryggi, heilsu og
velferð á vinnustað. Byggt á framangreindu lagði norræna vinnuverndarnefndin
áherslu á eftirfarandi:

- Áframhaldandi stefnumörkun og þróun varðandi vinnuvernd og eftirlit.
- Mikilvægi vinnumhverfis fyrir atvinnuþátttöku eldri starfsmanna.

Veittir voru styrkir til eftirfarandi rannsóknarverkefna:

- Mikilvægi vinnumhverfis fyrir atvinnuþátttöku eldri starfsmanna.
- Vinnuslys sjómanna – leiðir til forvarna.
- Þróun menntunar fyrir samræmingaraðila í bygginga- og mannvirkjagerð.
- Norræna vinnueftirlitsráðstefnan 2016 í Helsinki.

Þá var veittur framhaldsstyrkur til verkefnis um kortlagningu vinnuverndar-
starfs á Norðurlöndum á sviði rannsókna, eftirlits og fræðslu.

Eftirfarandi skýrslur komu út:

- Samhæfing rannsókna á vinnutíma og heilsu.
- Ungir starfsmenn í öruggu og heilsusamlegu atvinnulífi.
- Eftirlit með öryggi og heilsu í áhættusömum starfsgreinum – aðferðir og
aðgerðir; norræn rannsókn í þremur löndum.
- Sjálfbært sjúklingaflæði á sjúkrahúsum – þróun aðferða og verkfæra.

Starfsemi Norrænu stofnunarinnar um framhaldsmenntun á sviði vinnu-
umhverfismála (NIVA) fór fram með hefðbundnu námskeiðahaldi. Lögð var
áhersla á að námskeiðin nýttust sérfræðingum og verðandi sérfræðingum á sviði
vinnuverndar. Unnið var í samráði við skrifstofu NMR að breyttu vinnulagi, sem
mun fela í sér að í framtíðinni heyrir framkvæmdastjóri NIVA undir

framkvæmdastjóra NMR. Stjórnin mun áfram sjá um faglegt aðhald og eftirlit, en fjárhagslegt og rekstrarlegt aðhald hefur færst til skrifstofu NMR.

Samstarf á dómsmálasviðinu

Fundur norrænu dómsmálaráðherranna var haldinn í Ilulissat á Grænlandi í september. Umræðuefni fundarins voru þau mál sem helst voru í brennidepli, þ.e. flóttamannastraumurinn í Evrópu og viðbrögð við honum sem og ýmis atriði er varða innrætingu og áróður öfgahópa á netinu og í fangelsum. Einnig voru rædd viðurlög vegna þátttöku í stríðsátökum og hryðjuverkum erlendis. Ákveðið var að efla samstarf landanna á þessum sviðum.

Á fundum embættismannanefndarinnar var farið yfir helstu mál, sem unnið er að á sviði dómsmálaráðuneytanna, og þá löggjöf sem í vinnslu er í ráðuneytunum. Þá var haldinn fundur norrænna embættismanna sem vinna að breytingum og framþróun refsilöggjafarinnar. Innleiðing alþjóðasamninga um refsíábyrgð erlendra bardagamanna og refsíákvæði er varða refsíábyrgð lögaðila voru tekin til skoðunar.

Fylgiskjal 1: Uppbygging norræns samstarfs

Norrænt samstarf

Norrænt samstarf er eitt umfangsmesta svæðasamstarf í heiminum. Samstarfið nær til Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norrænt samstarf er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og skiptir miklu í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Í norrænu samstarfi er unnið að því að styrkja stöðu Norðurlanda í sterkri Evrópu.

Með *norrænu samstarfi* er unnið að því að efla norræna og svæðisbundna hagsmuni í alþjóðlegu umhverfi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin samanstendur af tíu fagráðherranefndum. Samstarfsráðherrar sjá um samræmingu á norræna ríkisstjórnarsamstarfinu. Með ráðherranefndunum starfa embættismannanefndir.

Samstarfsráðherrar Norðurlanda (MR-SAM)

Eygló Harðardóttir, samstarfsráðherra
Norræna samstarfsnefndin (NSK)

Ráðherranefnd um menningarmál (MR-K)

Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra
Embættismannanefnd um menningarmál (EK-K)

Gagnamiðstöð um fjölmiðlarannsóknir (NORDICOM)

Norræna húsið í Reykjavík (NOREY)

Norðurlandahúsið í Færeyjum (NHFØ)

Norræna stofnunin á Álandseyjum (NIPÅ)

Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA)

Norræna menningargáttin (KKN)

Ráðherranefnd um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS)

Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra
Embættismannanefnd um sjávarútvegsmál (EK-FJLS/Fiskeri og havbrug)

Embættismannanefnd um landbúnað (EK-FJLS/Jordbrug)

Embættismannanefnd um matvælamál (EK-FJLS/Levnedsmidler)

Embættismannanefnd um skógrækt (EK-FJLS/Skovbrug)

Norræna erfðaaudlindastofnunin (NordGen)

Ráðherranefnd um jafnréttismál (MR-JÄM)

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra
Embættismannanefnd um jafnréttismál (EK-JÄM)

Ráðherranefnd um menntun og rannsóknir (MR-U)

Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra
Embættismannanefnd um menntun og rannsóknir (EK-U)

Ráðherranefnd um félags- og heilbrigðismál (MR-S)

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra (félagsmál)
Kristján Þór Júlíusson, heilbrigðisráðherra (heilbrigðismál)
Embættismannanefnd um félags- og heilbrigðismál (EK-S)
Norræna velferðarmiðstöðin (NVC)

Ráðherranefnd um atvinnu-, orku- og byggðamál (MR-NER)

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra (atvinnu- og orkumál)
Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (byggðamál)
Embættismannanefnd um orkumál (EK-NE/Energi)
Embættismannanefnd um atvinnumál (EK-NE/Næring)
Embættismannanefnd um byggðamál (EK-R)
Norræna nýsköpunarmiðstöðin (Nordic Innovation)
Norrænar orkurannsóknir (NEF)
Norræn rannsóknastofnun í skipulags- og byggðamálum (Nordregio)

Ráðherranefnd um umhverfismál (MR-M)

Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra
Embættismannanefnd um umhverfismál (EK-M)

Ráðherranefnd um vinnumál (MR-A)

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra
Embættismannanefnd um vinnumarkað og vinnuumhverfi (EK-A)
Norræn stofnun um framhaldsmenntun á sviði vinnuumhverfismála
(NIVA)

Ráðherranefnd um efnahags- og ríkisfjármál (MR-Finans)

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra
Embættismannanefnd um efnahags- og ríkisfjármál (EK-Finans)

Ráðherranefnd um dóms- og löggjafarmál (MR-Lov)

Ólöf Nordal, innanríkisráðherra

Embættismannanefnd um dóms- og löggjafarmál (EK-Lov)

Fylgiskjal 2: Styttingar

AG-Fisk COP21	Arbejdsgruppen for Fiskerisamarbeidet – Vinnuhópur um fiskveiðar Conference of the Parties to the United Nations Framework Convention on Climate Change – Ríkjaráðstefna Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna
DIS	Demokrati, Inkludering och Säkerhet – Verkefni um lýðræði, aðlögun og öryggi
EES	Evrópska efnahagssvæðið
EFTA	The European Free Trade Association – Fríverslunarsamtök Evrópu
EHU	European Humanities University – Evrópski hugvísindaháskólinn
ESB	Evrópusambandið
HÍ	Háskóli Íslands
ISIS	Islamic State of Iraq and Syria – Íslamskt ríki í Írak og Sýrlandi
NEF	Nordisk Energiforskning – Norrænar orkurannsóknir
NEFCO	Nordic Environment Finance Corporation – Norræna umhverfistjármögnunarfélagið
NIKK	Nordisk information for kundskab om køn – Norrænar upplýsingar um kynjafræði
NIOM	Nordisk institutt for odontologiske materialer – Norræna tannlækningastofnunin
NIVA	Nordisk institution for videreuddannelse indenfor Arbejds miljøområdet – Norræn stofnun um framhaldsmenntun á sviði vinnuumhverfismála
NKJ	Nordisk kontaktorgan for jordbrugs- og fødevarerforskning – Norræna nefndin um landbúnaðar- og matvælarannsóknir
NMKL	Nordisk Metodikkomiteé for Levnedsmidler – Norræn aðferðarfræðinefnd um matvæli
NMR	Nordisk Ministerråd – Norræna ráðherranefndin
NOAK	Nordisk arbejdsgruppe for globale klimaforhandlinger – Norrænn vinnuhópur um alþjóðlegar loftslagsviðræður
NOMESKO	Nordisk medicinalstatistikkomiteé – Norræna heilbrigðistölfræðinefndin
NOMEX	Nordic Music Export Programme
NORA	Nordisk Atlantsamarbejde – Norrænt Atlantssamstarf
NORDBUK	Nordisk Børne- og Ungdomskomiteé – Norræn barna- og ungmennanefnd
NordForsk	NordForsk – Norræna rannsóknaráðið
NordGen	Nordiskt Genresurscenter – Norræna erfðaauðlindastofnunin
Nordic Innovation	Nordic Innovation – Norræna nýsköpunarmiðstöðin
Nordplus	Nordisk mobilitets- og netværksprogram for uddannelsesområdet – Norræn menntaáætlun um mannaskipti og tengslanet
Nordregio	Nordic Centre for Spatial Development – Norræn rannsóknastofnun í skipulags- og byggðamálum
NORDRESS	Nordic Centre of Excellence on Resilience and Societal Security – Norrænt öndvegissetur um náttúruvá og öryggi samfélaga

NOSOSKO	Nordisk socialstatistikkomité – Norræna hagskýrslunefndin
NR	Nordisk Råd – Norðurlandaráð
NVC	Nordens Velfærdscenter – Norræna velferðarmiðstöðin
OECD	Organisation for Economic Cooperation and Development – Efnahags- og framfarastofnun Evrópu
RIKK	Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands
SNS	SamNordisk Skogsforskning – Norrænar skógræktarrannsóknir
SÞ	Sameinuðu þjóðirnar
UNESCO	United Nations Educational, Scientific and Cultural Organisation – Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna
UNR	Ungdömmens Nordiske Råd – Norðurlandaráð æskunnar
UN Women	United Nations Entity for Gender Equality and the Empowerment of Women – Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnretti og valdeflingu kvenna
VeNUS	Vestnordisk utviklingsstrategi – Þróunaráætlun fyrir Vestur-Norðurlönd

